

DÖFFBLAÐIÐ

TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

FEBRÚAR 2014

NORÐURLANDAMÓT ALDRAÐRA

Eftir Sigurjónu Sigurbjörnsdóttur

REYNSLUNNI RIKARI

Eftir Sigríði Völu Jóhannsdóttur

MINNINGARORÐ UM DANIEL JACOB

Eftir Braga Ásgeirsson

VOX SIGNUM

*Eftir Lailu Margrétu
Arnþórsdóttur*

ENGIN TÚLKAPJÓNUSTA

og áhrif þess á samfélagið

Eftir Heiðísi Dögg Eiríksdóttur





Hvert sem leið þín liggur

Veldu góða og persónulega þjónustu á 16 stöðum vítt og breitt um landið hjá stærstu bílaleigu á Íslandi. Stór floti nýlegra og vel útbúinna bíla tryggir að þú kemst alltaf leiðar þessar á skjótan og hagkvæman hátt.



16
afgreiðslustaðir
um allt land.

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— Höldur —

Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

DÖFFBLAÐIÐ

TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA | FEBRÚAR 2014

Í ÞESSU BLAÐI...

- 4 Formannspistill og pistill framkvæmdastjóra
- 5 Nýr starfsmaður
- 5 Vírusárás og endurnýjun á heimasíðu félagsins
- 6 Dagur Döff
- 7 Liisa Kauppinen fékk mannréttindaverðlaun
- 8 Norðurmennamót aldraðra heyrnarlausra
- 12 Minningarorð um Daniel Jacob Jensen
- 14 Reynslunni ríkari
- 16 Vox Signum
- 17 Leiga á samkomusal
- 18 Íslenskir skartgripir eftir Lísu Design
- 22 Staða íslenska táknaðs og réttur til túlkþjónustu
- 25 SignWiki tilnefnt til nýsköpunarverðlauna
- 25 Döffmót 2013
- 28 Tinna táknaðsálfur snýr aftur
- 28 Málþing um atvinnumál döff í Norðurlöndum
- 29 Fyrsta alþjóðlega keilumót á Íslandi
- 30 Deaflympics í Sofíu 2013
- 31 Táknaðsálfur
- 32 Málþing fyrir lesbíur
- 32 Er farið offari í kuðungsígræðslum?

„...RÁÐUNEYTIÐ HEFÐI EKKI
TÖK Á AÐ MÆTA ÞÖRF Á AUKNU
FJÁRFRAMLAGI Í SJÓÐINN.“

Úr greininni um stöðu íslenska táknaðsins | 22

Döffblaðið - Tímarit Félags heyrnarlausra
1. tölublað | 15. árgangur | Febrúar 2014

Ábyrgðarmaður:
Heiðdís Dögg Eiríksdóttir

Ritstjóri:
Gunnar Snær Jónsson

Prófarkalestur:
Porbjörg Halldórsdóttir

Auglýsingastjóri:
Próstur Friðjónsson

Umbrot:
Gunnar Snær Jónsson

Hönnun á forsíðu:
Gunnar Snær Jónsson

Ljósmynd á forsíðu:
Vilhjálmur G. Vilhjálmsson

Prentun:
Litróf

Ljósmyndir:
Vilhjálmur G. Vilhjálmsson,
Gunnar Snær Jónsson, Laila Margrét
Arnþórsdóttir, Ragnheiður Þorgils-
dóttir, Ana Rita Gomes, Karenina
Chicodo og aðrar aðsendar myndir.

Stjórn Félags heyrnarlausra:
Heiðdís Dögg Eiríksdóttir formaður,
Guðmundur Ingason varaformaður,
Hjördís Anna Haraldsdóttir, Bern-
harð Guðmundsson og Gunnar Snær
Jónsson meðstjórnendur

Framkvæmdastjóri:
Daði Hreinsson

Upplag:
1200 einstök

ISSN:
1670-6013



FÉLAG
HEYRNARLAUSRA

Útgefandi:
Félag heyrnarlausra
Pverholt 14
101 Reykjavík

Sími / Fax:
561 3560 / 561 3567

Netfang: deaf@deaf.is

Veffang: www.deaf.is

FORMANNSPISTILL

Eftir Heiðdís Dögg Eiríksdóttur



Nýir tímar – ný tækifæri

Alexander Graham Bell sagði eitt sinn „að þegar einar dyr lokast, opnast aðrar. En oft mænum við svo lengi á lokuðu dýrnar, að við komum ekki auga á þær dyr sem standa okkur opnar“. Nú eru tímar örra breytinga í baráttumálum Félags heyrnarlausra, stjórnsýsluleiðir eru flóknari en áður fyrr og á sama tíma eru menn meðvitáðir um sín mannréttindi. Því er mikilvægt fyrir Félag heyrnarlausra að halda áfram að taka höndum saman og setja skýra framtíðarsýn í baráttumálum félagsins. Í hagsmunabaráttu hættir fólki til að lifa svo sterkt í nútíðinni að það gleymist að til er framtíð. Við bregðumst við hindrunum og berjumst fyrir hagsmunum og mannréttindum félagsmanna okkar, reynum að hafa áhrif og móta framtíðina. Með haustinu fékk félagið á

síð stóran skell þegar félagslegi sjóðurinn varð uppurinn. Þá mátti sjá að þegar brotið er á réttindum manna til að taka þátt í samfélaginu, lætur félagið og félagar þess ekki deigan síga heldur standa áþétt saman og berjast. Margt smátt gerir eitt stórt, mikilvægast er að við gerum okkur grein fyrir því að þróunin og framtíðin er í okkar höndum EF við stöndum saman og gefumst ekki upp, á sama tíma syndum við á móti straumhardri á. Framtíðarsýnin verður að veruleika meðbreiðri samstöðu eins og sjá má með viðurkenningu tákna málsins. Það tók mörg ár fyrir félagið að berjast fyrir viðurkenningu tákna málsins, en segir sagan ekki að góðir hlutir gerast hægt.

Baráttukveðjur,

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir

Formaður Félags heyrnarlausra

PISTILL FJÁRMÁLASTJÓRA

Eftir Daða Hreinsson



Til hamingju döffarar með nýja félagsheimilið að Þverholti 14. Það hefur verið einkar ánægjulegt að sjá breytingarnar frá því húsnæðið var keypt í vor, þegar það var einungis skrifstofuálma. Húsnæðið er nú mjög breytt og algjörlega endurbætt frá gólfi til lofts. Búið er að innrétta stóran samkomusal í suður-enda hússins þar sem verða sæti fyrir allt að 130 manns. Skrifstofuálman er mjög rúmgóð fyrir okkur starfsfólk félagsins og ekkert sem okkur vanhagar um. Gleðilegast er að nú hefur döff samfélagið endurheimt skuldlaust félagsheimili sem þau misstu þegar ógætilegar fjárfestingar í kringum Klapparstíg 28 urðu og húsnæðið tapaðist. Sé ég mesta gleðina hjá eldri kynslóð döff sem tóku virkan þátt í uppbyggingu félagsheimilisins á þeim tíma og unnu launalaust daga og nætur til að gera félagsheimilið að veruleika. Samgledst ég þeim sérstak-

lega að hafa fengið að taka þátt í þessari uppbyggingu og eflingu á Félagi heyrnarlausra. Endurskipulagning húsnæðisins er einkar ánægjuleg með það í huga að eingöngu döff iðnaðarmenn unnu að breytingum og endurskipulagningu húsnæðisins og var eini iðnaðarmaðurinn sem við þurftum að sækja utan döff samfélagsins pípari, en hann vantar sárlega í okkar hóp og auglýsi ég eftir einum slíkum í framhaldsnám. Reksturinn hefur verið þyngri í ár en fyrri ár sökum kaupa á húsnæðinu og framkvæmda við breytingar en við vinnum nú að nokkurra ára áætlun til að byggja upp sterka stöðu félagsins sem tryggir rekstrargrundvöll þess og þá þjónustu að tryggja hagsmuni og velferð döff á Íslandi.

NÝR STARFSMAÐUR HJÁ FÉLAGI HEYRNARLAUSRA


Félag heyrnarlausra vill gjarnan tilkynna að nýr starfsmaður er kominn til starfa hjá félagsheimili hagsmunafélagsins. Hún heitir Gunnur Jóhannsdóttir. Hún mun gegna hlutastarfi á skrifstofu og halda utan um ýmis mál eins og uppgjör happdrættis, og pennasölu, sínavörslu, setja inn efni á heimasíðu auk þess að sjá um hústúlkun og fleira. Hún er menntaður táknaáhrifstúlkur og Félag heyrnarlausra býður hana velkomna til starfa.



VÍRUSÁRÁS OG ENDURNÝJUN Á HEIMASÍÐU FÉLAGSINS

Margt hefur breyst síðan Félag heyrnarlausra opnaði fyrst heimasíðu fyrir hagsmunafélagið á þeim tíma þegar internetið var að breiðast út um heiminn. Útlit síðunnar var einfalt í byrjun og þjónusta fyrir félagsmenn ekki aðgengileg á netinu enda möguleikarnir fáir þá. Í upphafi var síðan í applesínugulum eða gulum með bláum lit en með þróuninni urðu miklar breytingar í byrjun 21. aldarinnar. Þá urðu til fleiri valmöguleikar til að hanna fallega og aðgengilega heimasíðu. Félag heyrnarlausra fékk síðar hrós fyrir fallega hönnun fyrir marglitt útlit ásamt táknaáhrifsmóti sem hönnuð var af íslensku fyrirtæki. Síða félagsins varð mjög aðgengileg fyrir heyrnarlaust fólk vegna táknaáhrifsmótsins og komið var nýtt tímabil hjá félaginu að geta sent út fréttir á íslensku táknaáhrifsmáli sem er móðurmál heyrnarlausra. Fyrir ári síðan fékk Félag heyrnarlausra styrk frá Valitor upp á eina milljón króna. Ákveðið var af stjórninni að nota peningana í nýja, metnaðarfulla heimasíðu og hafa það sem 5 ára þróunarverkefni.

Þróun heimasíðna hjá fyrirtækjum um allan heim hafa verið fjölbreytileg og ljóst að einföld hönnun er ótrúlega vinsæl í dag fyrir viðskiptavinum eða félagsmenn. Mikilvægt er að heimasíðan sé auðveldlega aðgengileg svo ekki sé erfitt að finna upplýsingar sem leitað er að. Mælt var með því við stjórnina að fara í samvinnu við fyrirtækið Remark í Bretlandi þar sem heyrnarlaust fólk frá Englandi sér um hönnun á heimasíðu með gott aðgengi á móðurmáli heyrnarlausra. Eins og markmið félagsins gerir ráð fyrir hefur táknaáhrifsmáli alltaf verið í fyrsta forgangi og félagið telurur brýnt fyrir heyrnarlaust fólk að fá aðgengi að öllu með móðurmáli þeirra. Í haust 2013 varð heima-



Sýnishorn af nýju heimasíðu félagsins sem Remark hannaði.

síða félagsins fyrir vírusárás svo loka varð heimasíðunni og ómögulegt að laga hana aftur. Í framhaldi var ákveðið að hafa síðuna mjög einfalda eins og flestir hafa sennilega tekið eftir. En félaginu er það mikið gleðiefni að tilkynna að ný heimasíða, hönnuð af Remark, verður gert opinber á afmælisdegi þess, þ.e. á degi heyrnarlausra þann 11. febrúar 2014.

EKKI GERA EKKI NEITT

motus

DAGUR DÖFF

Félag heyrnarlausra fagnaði Degi Döff helgina 27.-29. september. Döff víða um heim fagna alþjóða baráttudegi í lok september og skipuleggja ýmsa viðburði tengda honum í síðustu viku eða helgi septembermánaðar. Félag heyrnarlausra vígði félagsheimili og skrifstofuhúsnæði að Þverholti föstudaginn 27. september. Margir góðir gestir voru viðstaddir, Döff börn klipptu á túrkísbláan borða til marks um nýtt upphaf félagsins. Á laugardegi var dagskráin Gaman Saman fyrir yngri kynslóðina og fjölskyldur þeirra. Jan og Petra buðu börnum að kynnast heimi brúðuleikhússins á meðan foreldrar áttu stund í kaffistofunni. Um kvöldið var síðan málsverður og bjórkvöld og fréttir herma að margir hafi skemmt sér vel fram á rauða nótt.

Ljósmyndir: Karenina Chicodo



Börn frá leikskólanum Sólborg og Hlíðaskóla komu í heimsókn.



Fullt af gestunum komu í heimsókn til að fagna með félaginu í nýja félagsheimilinu.



Ljósmyndir: Roni Rekoma



FYRRVERANDI FORSETI WFD

Liisa Kauppinen er sannarlega stórkostleg kona sem hefur starfað hjá Alheimssamtökum heyrnarlausra.

LIISA KAUPPINEN FÉKK MANNRÉTTINDAVERÐLAUN

Þann 10. desember sl. hlaut Liisa Kauppinen, fyrrverandi forseti Alheimssamtaka heyrnarlausra (WFD), Mannréttinda-verðlaun Sameinuðu þjóðanna (SÞ). Verðlaunin voru afhent í New York á degi mannréttinda. Mannréttinda-verðlaunin eru afhent þeim einstaklingum eða samtökum sem náð hafa framúrskarandi árangri í mannréttindabaráttunni. Mannréttinda-verðlaunin eru heiðursverðlaun sem afhent eru á 5 ára fresti.

Liisa Kauppinen hefur nú bæst í hóp þeirra þekktu einstaklinga sem hlotið hafa Mannréttinda-verðlaun SÞ sem eru m.a.: Eleanor Roosevelt fyrrverandi forsetafrú Bandaríkjanna, Martin Luther King mannréttindafrömuður, Nelson Mandela fyrrverandi forseti Suður-Afríku, Jim Carter fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, Louise Arbour fyrrverandi málsvari SÞ og margir fleiri.

Dr. Kauppinen er sannarlega stórkostleg kona sem hefur starfað hjá WFD í yfir 30 ár. Hún varð fyrsti kvenforseti WFD árið 1995 en hafði starfað sem varaforseti frá árinu 1983 og sem aðalritari frá 1987.

Hún var framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra í Finnlandi á árunum 1976-1987 og 1991-2006. Hún hefur unnið mikið með forystumönnum Alþjóðasamtaka fólks með fötlun (UN CRPD), bæði sem meðlimur samtakanna og sem formaður. Þótt hún hafi hætt störfum sem forseti WFD árið 2003 og gerst heiðursforseti samtakanna frá árinu 2011, hefur vinna Dr. Kauppinen verið innblástur til samtaka heyrnarlausra á alþjóðagrundvelli. Hún hefur verið „rödd“ þeirra sem vilja halda á lofti mannréttindum heyrnarlausra í sínum heimabæ, sínu landi sem og á alþjóðavettvangi.

Á ráðstefnu SÞ um rétt fatlaðs fólks (UN CRPD) lagði Dr. Kauppinen ríka áherslu á að tryggja öryggi táknaðs, menningu og sjálfsvitund heyrnarlausra. Hún hefur ekki aðeins talað fyrir réttindum heyrnarlausra heldur einnig mannréttindum fyrir alla. Dr. Kauppinen hefur barist fyrir réttindum kvenna sem og kvenna sem eiga við einhverskonar fötlun að stríða og er í samvinnu með öðrum mannréttindaáðgerðasinnnum. Ástríða hennar á mann-

réttindamálum hefur leitt til margskonar samstarfsverkefna. Má þar nefna skipulagsþróun á skráningu táknaðs, táknaðstúlkaþjónustu og mannréttindabaráttu heyrnarlausra í Afríku, Mið-Asíu, Suðaustur-Asíu, Balkanskaga og Norðvestur-Rússlandi.

Barátta og starf Dr. Kauppinen við þessi verkefni hefur skilað þeim árangri að fjöldi landa innan WFD hefur aukist hratt. Á árunum 1983-2003 fjölgaði löndunum um 71. Heyrnarlausir innan þessara samtaka njóta þess að samtök þeirra eru sterkari, þeir fá viðurkenningu á tilvist sinni og stöðugan stuðning frá WFD. Þótt Dr. Kauppinen sé hætt störfum heldur hún áfram að taka þátt í starfi WFD sem sjálfbodaráðgjafi á skrifstofu þeirra í Helsinki, Finnlandi, landinu þar sem hún fæddist og var alin upp. Núverandi forseti WFD, Colin Allen, var undir áhrifum þeirra afreka sem Dr. Kauppinen hefur náð á fundi háttsettra manna innan SÞ um fötlun og þróun, þegar hann sagði: „Einungis þegar stjórnvöld hafa uppfyllt þær skyldur sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint um rétt fatlaðs fólks (UN CRPD), munu heyrnarlausir verða jafnir öðrum í þeirra hversdagslega lífi.“ Aðeins þá mun þrotlaus barátta Liisu fyrir því að heyrnarlausir verði jafnir öðrum skila þeim árangri sem til var ætlast.



Á SIGLINGU

Ingibjörg og Hreinn hjón tóku þátt í Norðurlandamóti aldraðra heyrnarlaustra og nutu ferðinnar vel.



Ljósmyndir: Vilhjálmur Vilhjálmsson og Anna Jóna Lárusdóttir

Sjá fleira myndir á næstu blaðsíðu

NORÐURLANDAMÓT ALDRAÐRA HEYRNARLAUSRA

Efir Sigurjónu Sigurbjörnsdóttur

Það var sunnudaginn 28. júlí sem stór hópur fólks mætti á Hótel Örkt til að taka þátt í Norðurlandamóti aldraðra heyrnarlausra. Þetta var stór hópur, alls 91 manns frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Það var mikil gleðistund þegar allir voru komnir saman og mikið spjallað. Sumir höfðu ekki sést áður, á meðan aðrir voru að hitta gamla félagar frá hinum Norðurlöndunum, sem þeir höfðu ekki hitt síðastliðin tvö ár eða lengur. Þátttakendur á Norðurlandamóti aldraðra heyrnarlausra hafa það að markmiði að hafa það gaman og ferðast um og fræðast um það land sem heldur mótið hverju sinni.

Fyrst daginn var kíkt á Laugavattn í Fontana – Spa, Geysir og Gullfoss. Fyrsta skemmtikvöldið var í höndum Danmerkur og Færeyja. Það var frábær skemmtun með leikjum og sprelli.

Annandaginn var farið yfir til Vestmannaeyja og í skoðunarferð um eyjuna. Það var víða stoppað og margir merki- legir staðir skoðaðir. Einnig fór hluti af hópnum í siglingu um eyjarnar og aðrir fóru á myndasýningu um eldgosíð. Svo var farið að Seljalandsfossi. Noregur sá um dagskrána á skemmtikvöldinu og allir skemmtu sér vel við leik og glens.

Þriðja dagurinn var haldið til Reykjavíkur og tekin skoðunarferð um borgina. Helstu staðir skoðaðir. Komið var við í Perlunni, Hallgrímskirkju og miðbænum. Endað var á að skoða nýja félagsheimili Félags heyrnarlausra. Skemmtidagskráin hjá Finninum gekk vel og allir skemmtu sér vel um kvöldið.

Á fjórða degi var farið á Reykjanesið. Þar var kíkt í Bláa Lónið, Reykjanesvita og fjöruna þar, Gunnuhver og Reykjanesvirkjun sem hefur stórkostlegt vísindasafn. Einnig var gert stutt stopp við brúna milli heimsálfanna en þar mætir Evrasíuflekinn þeim norður – ameríska. Svo var skemmtikvöld sem Svíar sáu um í þetta sinn. Skemmtikvöldið tókst vel. Fimmta daginn og jafnframt þann síðasta á þessu móti fóru sumir að skoða Hveragerði á meðan aðrir skelltu sér í hestaferð með Sólhestum.

Eftir hádegisverðinn þann dag var komið að umsögn hvers lands um hvernig þau upplifðu ferðina til Íslands. Allir voru mjög ánægðir og jákvæðir með dvölina á Íslandi og við Íslendingarnir auðvitað mjög glaðir að vita það að öllum leið vel hjá okkur og voru að fara með góðar minningar heim til sín.

Þá var komið að Óvissuferðinni. Andrés Úlfarsson sá um óvissuna og kom og sótti hópinn á hótelið. Hann gekk með hópinn inn í bæinn og enduðum við í fallegum grasagarði þar sem skemmtunin var mikil. Við fórum í leiki og keppni á milli landa sem Færeyjar og Ísland unnu.

Það var komið að lokakvöldinu á mótinu. Íslendingarnir sáu um lokakvöldið sem var glæsilegt. Kolbrún Völkudóttir flutti þjóðsöngva allra Norðurlandanna og gerði hún það snilldarlega. Síðan var farið í nokkra samkvæmisleiki og að lokum kom hvert land og þakkaði fyrir sig og leysti okkur út með fallegum og eftirminnilegum gjöfum sem verða vel varðveittar.

Í lokin var mótsrollan afhent til Norðmanna en þeir sjá um Norðurlandamót aldraðra heyrnarlausra árið 2015. Norðmenn eru þegar byrjaðir að undirbúa mótið og var það kynnt í lokin. Spennandi ferð, sigling og fleira skemmtilegt.

Túlkarnir sem sáu um að túlka var frábært fólk sem stóð sig vel. Eins voru fararstjórnarnir frábærir svo og bílstjórnarnir okkar sem gerðu allt fyrir okkur, redduðu ýmsu og sáu um okkur á allan hátt.

Þakkir til styrktaraðila vegna happdrættis

- Verslunin Álafoss gáfu okkur íslenskar vörur: vettlinga, sokka og teppi.
- 66° Norður gáfu fatnað: jakka og húfur
- Félag heyrnarlaura gaf 2 bækur um sögu heyrnarlausra. Þakkir einnig til Congress Reykjavík sem sá um bókanir og skipulag mótsins.

Sérstakar þakkir fær Kolbrún Völkudóttir sem flutti þjóðsöngvana á táknmáli við mikla hrifningu. Mótsstjóri var Anna Jóna Lárusdóttir sem einnig sá um undirbúning mótsins og samskipti við Norðurlöndin og innlenda aðila í samvinnu við Þórdísi Þórðardóttur formann félags aldraða heyrnarlausra á Íslandi og aðra stjórnarmeðlimi, þær Ingibjörgu Andrésdóttur varaformann, Hjördísi Önnu Haraldsdóttur ritara og Sigríði Borg meðstjórnanda. Vilhjálmur G. Vilhjálmsson sá um stjórn teymisfunda. Þau Anna, Þórdís ásamt Sigurjónu Sigurbjörnsdóttur voru svo sjálfbodaliðar á sjálfu mótinu. Fær Sigurjóna sérstakar þakkir fyrir veittan stuðning bæði á mótinu og.. FRAMHALD Á BLAÐS 10

.. við gerð þessa bæklingis.


Á mótinu gekk allt mjög vel og allir voru ánægðir með mótið. Enginn varð veikur og engin slyss urðu. Við vorum líka svo heppin að allt mótið var veðrið gott og það voru nánast einu góðviðrisdagarnir á Suðurlandi sumarið 2013!

Takk fyrir frábært mót. Hittumst í Noregi 2015.



*Leiðbeinandinn segir frá Geysi ásamt tákn-
málstúlkum frá Norðurlöndum.*





Siglingarferð við Vesturmannaeypjar.



Í Hallgrímskirkju í Reykjavík.



Hópmyndataka.



MINNINGARORÐ

um

DANIEL JACOB JENSEN

Eftir Braga Ásgeirsson

Félag heyrnarlausra þakkar honum fyrir samfylgdina og heiðrar minningu hans. Megi hann hvíla í friði.

Daniel Jacob Jensen var fæddur í Skalavík Sandaa í Færeyjum 14. júní 1930. Faðir hans var sjómaður, hann lést árið 1942. Systkinin voru níu af þeim er ein systir lifandi, hún býr í Noregi og einn bróðir í Færeyjum. Daniel stundaði nám við Heyrnleysingjaskólann Kastelsvej, Kaupmannahöfn 1937-40 og við Heyrnleysingjaskólann í Frederica 1940-47. Síðar stundaði Daniel nám í klæðskeraíðni hjá Svejier Titan í Kaupmannahöfn. Hann kom til Íslands árið 1956 og ilengdist í Reykjavík. Hann starfaði sem rafsuðumaður í tveimur járnsmiðjum. Seinna var hann tíu ár til sjós á síld og þorskveiðum fyrst á bátum, síðan togurum, loks á því fræga aflaskipi Engey. Hann var ókvæntur og barnlaus. Hann var í stjórn Félags heyrnarlausra og formaður félagsins 1965-71. Ennfremur starfaði hann í framkvæmdastjórn félagsins til fjölda ára og var kosinn maður ársins 1981.

Ég finn á mér ríka þörf til að minnst vinar mins Daniels Jakobs Jensen, sem minnst var við látlausa athöfn í Fossvogskirkju, þriðjudaginn 29. janúar að viðstöddum allnokkrum vinum hans úr hópi heyrnarlausra/heyrnarskertra, en duftker með jarneskum leyfum hans verður seinna jarðsett á heimaslóðum. Það var litill hávaði í kringum líf þessa manns og jafnvel enn minni við brotthvarf hans úr þessum heimi. Tilkynning um andlát hans var hvergi sjáanleg í fjölmiðlum borgarinnar. Hér var um alþýðumann að ræða sem ekki hreykti sér á mannlífsvettvangi en skilur þó eftir sig drjúgt og farsælt dagsverk. Það var undarlegt tilvik sem varð til þess að ég kynntist Daniel fyrir margt löngu, þá nýfluttur upp á efstu hæð háhýsisað Austurbrún. Sat þar niðursokkinn í vinnu mína er húsvörðurinn kom inn með ókunnugan mann sem virtist

í æstu skapi og kynnti hann sem heyrnarlausan Færeyning. Bað mig um að vera sér til aðstoðar þar sem ég kunní gamla táknmálið. Þannig var mál með vexti, að Daniel sagði að brotist hefði verið inn til sín um glugga af þakinu. Man ég þó ekki að nokkru hafi verið stolið, en hann var skiljanlega mjög uppveðraður. Viðgátum fljótlega róað hann niður og gengið var frá glugganum þannig að slíkt ætti ekki að geta gerst aftur og það gekk eftir öll tutugu árin sem hann bjó þarna í tveimur litlum herbergjum. Upp frá þessu urðum við Daniel góðkunningjar og síðan vinir, hann var einstaklega ræðinn á sínu táknmáli og kunní jafnt dönsku sem íslensku og hafði frá mörgu að herma af lífi sínu.

Hann var ári eldri en ég og okkur þótti strax skondið að á sama tíma og hann var í kynnum við þýska hermenn var ég að selja breska setuliðinu blöð á kömpunum við Rauðarárstíg og Rauðarholt, og létum við báðir vel af þeim samskiptum, hermenn eru bara manneskjur utan orrustu-vallar. En líf okkar beggja hafði í raun verið bardagi við örlögin. Daniel er fæddur með mikla heyrnarskerðingu en ég missti heyrnina í lok bernskuskeiðsins, sem markar ellefu ár, mikill þroskamunur en það tekur vel að merkja á að læra að vera heyrnarlaus, vill vera snúið og ekki á allra færi að aðlagast því ástandi og getur tekið mörg ár. Ekki veit ég með vissu ástæðuna fyrir því að Daniel kom til Íslands 1956, hvort það hafi verið í kjölfar atvinnuleysis í heimalandinu eða að hann vildi finna sjálfan sig í nýju umhverfi, sanna sig. En til heimaslóða fór hann ekki eftir það nema sem gestur og hafði því verið búsettur á Íslandi í hartnær sex áratugi. En þrátt fyrir það var hann fyrna mikill Færeyningur og afar stoltur af föðurandinu, leit á sig sem gest, en um leið hafði hann

samlagast Íslandi. Má því allt eins orða það svo, að hann hafi verið Færeyningur í húð en Íslendingur í hár, eða ófugt! Daniel var alla tíð einn á báti en þó kær til veika kynsins en aldrei voru slík kynni til langframa svo eg viti. Má segja að hann hafi verið félagslyndur einstæðingur, starfaði lengstum mikið í málum heyrnarlausra og var fararstjóri í nokkrum utanlandsferðum þeirra enda meiri heimsborgari en flestir félagar hans. Félagsmálin og velferð heyrnarlausra voru stór þáttur í lífi Daniels og hann tók fagnandi á móti öllum nýjungum sem gerðu heyrnarlausum lífið bærilegra, svo sem textasíma (1984), sem á þeim tíma var hrein bylting í samskiptum þeirra við umheiminn og þar á eftir öllum nýjungum öðrum sem hann var fljótur að tileinka sér og hagnýtti óspart.

Nokkrum dögum áður en hann lést gat ég borið honum vænar fréttir um nýja tækni sem gagnast þó einungis þeim sem eru orðnir 18 ára og eldri, um er að ræða lítið ferhyrnt tæki sem staðsett er bakvið eyra og flytur rafboð til heymartauganna. Var sagt frá þessu í norska sjónvarpinu og sýnt þegar stúlka nokkur var tengd, og voru viðbrögð hennar þau að fyrst fór hún að hágráta en smám saman breyttist gráturinn í undrun og bros. Svo var önnur stúlka sem hafði fengið tækið áður spurð um reynslu sína og hún svaraði, að nú heyrdi hún í fuglunum fyrir utan gluggann sinn heima, regn bylja á rúðum og þyrfti síður að gá til veðurs, eyrun höfðu að því leyti tekið við af sjóninni. Mér er í fersku og góðu minni er Daniel kom fyrrum af sjónum vel birgur votum veisluföngum, að hann gaf húsverðinum einn kassa, mér annan og hringdi svo strax úr textasímanum í vini sína og tilkynnti komu sína, en aldrei reyndi hann að hagnast á lögbundnum tollinum og hafnaði

öllum gylliboðum í því efni. Vinir hans og hann sjálfur skyldu fá að njóta veiganna forboðnu. Hann var eðlilega vinsæll en hreint ekki einungis vegna þessa heldur félagsmálastarfa og eðlisbundinnar greiðvikni. Fyrir kom að svo atvikaðist að mannmargt var inni hjá honum þar sem hann var sem konungur í ríki sínu þó með sanni væri hvorki hátt til loftis né víttíll veggja, jafnan mannsbragur á glaumnum. Kom fyrir að ég liti inn, ber enda mikla virðingu fyrir menningarheimi heyrnarlausra þótt mitt hlutskipti í lífinu hafi fært mig stórum nær þeim heyrandi. Af framanskráðu má væntanlega vera ljóst, að með Daniel Jensen bættist heyrnarlausum/heyrnarskertum vænn liðsmaður og hjálparhella frá

frændum vorum Færeyingum. Hann var einn af mínum bestu vinum frá fyrstu kynnum og fljótlega allrar fjölskyldu minnar og tíður matargestur er frá leið.

Hann missti því miður húsnæðið kæra að Austurbrún er og samskiptin urðu þá ekki eins náin. Maðurinn var ekki til-ætlunarsamur og helst þurfti að bjóða honum, en hann leit auðvitað inn við ýmis tækifæri. Á borði mínu á vinnustofunni hefur lengi legið bók bókanna í Danmörku, Fall Konungsins, söguleg skáldsaga mikilla örloga í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi eftir nóbelskaldið Johannes V. Jensen. Daniel hafði verið mjög slæmur í hnjánnum hin síðustu ár og átt erfitt um gang og nú var hann kominn í hjólastól og

nokkur umkomulaus og áttaviltur. Sló úti fyrir honum sem vildi heim og bara heim, sem þá var gjarnan toppurinn á háhýsinu við Austurbrún. Líkast til af þeim sökum hafa nokkrar Ijóðlínur fiðlarans sem í lok bókarinnar var að kveðja lífid leitað sterkt á mig, og mætti gjarnan heimfæra á Daniel: "Góða nótt bið ég guð yður veita, / mig grípur nú tregi og þreyta. / Og hvatning fær haggð mér enginn, né hótun - til náða er ég genginn." Og ekki síður: "Við alla er ég öldungis kvitt, /hver einn hefur fengið sitt." Þessar Ijóðlínur falla vel að burtför Daniels þá er duftker öðlingsins er á leið til Færeyja til að samlagast vígðri mold föðurlandsins. Hér ber að þakka.

FRÁFÖLL FÉLAGSMANNA

Guðrún Sigurmarsdóttir, f. 28. júní 1936 á Ísafirði, d. 3. júní í Danmerku. Hún var 77 ára þegar hún lést. For.: Sigurmar Gíslason og Guðrún Guðlaugsdóttir. Guðrún var gift Carl E. Jensen og átti 2 börn með honum, Róbert K. Jensen, f. 1968 og Johnny K. Jensen, f.1971. Fyrr átti Guðrún soninn, Gunnar Arnarson, f.1956. Guðrún fluttist til Danmerku þegar hún var 30 ára og bjó þar til dánardag.

Ragnar Guðbjörnsson, f. 18. apríl 1956, d. 12. september 2013 í Reykjavík. Hann var 57 ára þegar hann lést. For.: Guðbjörn Snæbjörnsson og Þuríður Kristín Ragnarsdóttir. Ragnar var einhleypur og barnlaus.

Félag heyrnarlausra þakkar þeim félagsmönnum fyrir samveruna og heiðrar minningu þeirra. Megi þeir hvíla í friði.



Ný vefsíða: www.hti.is

Tímamantanir - Fróðleikur - Heyrnartæki

The screenshot shows the website interface for HTI. At the top, there is a navigation bar with links: Forsíða, Heyrn, Tal, Vörur, Þjónusta, Um HTÍ, Hafa samband, Spurt og Svarað, and Veftré. Below this is a header section with the HTI logo, a search bar, and a phone number 581-3855. To the right of the header, there is a box for 'Opnunartímar' (Opening hours) listing times for different services. The main content area is divided into three columns. The left column features two service locations: Reykjavík (Háaleitisbraut 1 4.hæð, 105 Reykjavík, 581-3855) and Akureyri (Hafnarstræti 99 4. hæð, 600 Akureyri, 581-3855). The middle column lists three service categories: Heyrnartæki (Hearing aids), Hjálpartæki (Hearing devices), and Rafhlöður (Chargers). The right column contains a 'Fréttir' (News) section with a list of articles, a 'Panta tíma' (Book an appointment) button, and a video player showing a woman speaking.

REYNSLU RÍKARI

Sigríður Vala útskýrir reynslu sína sem skiptinemi hjá Evrópubandalagi heyrnarlausra í þrjá mánuði.

Eftir Sigríði Völu Jóhannsdóttur

Frá september til desember 2013 var ég í Brussel, í Belgíu. Þar drakk ég heilan helling af ekta belgískum bjór og hugsað ykkur, ég sá líklega minnsta typpi í heimi, á styttunni „Pissandi drengur“ sem er á gosbrunni í borginni. En af hverju var ég stödd þarna? Eftir að hafa unnið hjá Félagi heyrnarlausra í nánast heilt ár ákvað ég að mig langaði að öðlast meiri reynslu hjá frjálsum félagasamtökum (NGOs) og því sótti ég um sem skiptinemi hjá Evrópusambandi heyrnarlausra (EUD). Í júlí fékk ég svo þær fréttir að ég hefði komist inn. Ég var mjög spennt, því þetta átti eftir að verða frábær evrópsk upplifun og ólíkt því sem ég er von.

Eftir þessa þrjá mánuði get ég sagt ykkur í stuttu máli að ég vann þarna eins og dæmigerður lærlingur, en við þurfum ekki að fara nánar út í það. Ég vil ekki þreyta ykkur á því heldur langar mig að segja ykkur frá nokkrum skemmtilegum atvikum sem ég lenti í á meðan dvöl minni stóð. Ég hef unnið hjá nokkrum frjálsum félagasamtökum (NGOs), á Ítalíu, á Englandi og á Íslandi. Verkefni mín þar voru annað hvort samfélagsleg eða fjölskyldutengd. Evrópusamband heyrnarlausra (EUD) er mun meira tengd stjórnmálafræði. Þegar ég gekk inn á skrifstofuna þeirra gekk ég inn í Evrópuþingið, Evrópuráðið og Evrópunefndina. Ég jata það að ég hafði lesið þessi nöfn áður en aldrei haft grun um fyrir hvað þau standa. Ég hugsaði með mér á fyrsta degi mínum sem skiptinemi að ég væri komin í mikil vandræði.

Í fyrstu vikunni minni var embættismaður EUD að tala um eitthvað sem ég skyldi ekki nógu vel „...Helga Stevens, þú þekkir hana er það ekki?“ Hugurinn fraus því þetta nafn hringdi bara engum bjöllum hjá mér. Það sást mjög vel á mér að ég þekkti þessa konu ekki neitt. „Hvað?! Þú hlýtur að þekkja hana, hún hefur gert svo mikið.“ Ég skammaðist mín niður í tær og þá allt í einu mundi ég hvað ég ætti að gera í aðstæðum sem þessum. Ég setti upp stórt bros og kastaði hausnum aftur á bak og hló mínum besta hlátri. Mér var fyrirgefið á stundinni. Á þessum tímapunkti öskraði ég á sjálfa mig í huganum „Þegar þú kemur heim í kvöld þá verður þú að vinna heimavinnuna þína! Vegna þess að þú ert skiptinemi hjá EVRÓPUSAMBANDI HEYRNARLAUSRA í Brussel, höfuðborg EVRÓPUSAMBANDSINS!“ Um kvöldið leitaði ég að henni og fleiri stjórnmálamönnum á Google. Alltaf að vinna heimavinnuna þína Sigga Vala. Á meðan ég man, Helga Stevens er heyrnarlaus þingmaður

á flæmska þinginu í Belgíu.

Þegar Helen Jarmer var endurkjörin á austurríska þingið—já, það er annar heyrnarlaus stjórnmálamaður sem heitir nafni sem byrjar á Hel. Tilviljun? Ég veit það ekki. En ef þú eignast heyrnarlausa dóttur og þinn ædsti draumur er að hún verði stjórnmálamaður, þá gæti verið góð hugmynd að skíra hana Helga, Helen, Helena eða álíka nöfnum. En ef þú hefur ekki tekið eftir því þá virðast þessi nöfn eiga rætur sínar að rekja til orðanna „Help“ (hjálp) og „Hell“ (helvíti). Eins og þú og ég bæði vitum þá vilja stjórnmálamenn annað hvort hjálpa eða gera líf þitt að helvíti. Allavega, snúum okkur aftur að aðalatriðinu. Ég átti að þýða frétt um Jarmer, sem var á ensku, yfir á alþjóðlegt táknað svo hægt væri að birta fréttina á heimasíðu EUD á tveimur tungumálum. Þegar ég var að þýða þessa frétt, lærði ég eitt og annað um kosningaferlið í endurkjöri. Fyrir ópólítíska manneskju eins og mig var þetta erfitt verkefni. Ég setti á mig varalit, bar höfuðið hátt og stóð fyrir framan upptökuvélina. Ég var að fara að takast á við áskorunina. Ég táknaði fréttina aftur og aftur, og lenti alltaf í vandræðum á þeim stað þar sem ég þurfti að útskýra kosningaferlið og stafa nöfn sem voru mér framandi.

Ég þurfti allavega 10 tilraunir fyrir ekki lengra en 2 mínútu myndband, áður en að mér fannst það orðið fullkomið. Ég setti það inn í tölvuna og fór svo stolt til embættismanns og bað hann um að horfa á það og samþykka það. Mér fannst þetta hafa borið árangur! Ég brosti mínu blíðasta. En svo sagði hún við mig „Úps, þú stafaðir Gergely Tapolczai vitlaust.“ Ohh! Rúmenska nafnið, auðvitað. Smávægileg mistök hugsaði ég. Þetta var seint um kvöld og allir að búa sig undir að fara. Þannig að ég stakk upp á því að ég gæti sett texta undir upptökuna með afsökun fyrir að hafa stafað nafnið rangt. „Ekki að ræða það! Það væri mjög móðgandi fyrir hann. Þú verður að gera þetta aftur,“ sagði hún. Þarna sá ég hversu tilgerðarlegur stjórnmálaheimurinn getur verið en ég varð að umbera það. Nöfn stjórnmálamanna eru mjög mikilvæg fyrir þá! Ég varð mjög pirruð út í stjórnmálamenn.

Þegar allir voru farnir stóð ég alein á bakvið upptökuvélina og stóð auglitis til auglitis við þessa áskorun aftur. Tilraun 1. Tilraun 2. Tilraun 12. Mér gekk mun verr en áður. Ég var farin að hugsa með mér af hverju í ósköpunum ég hafði boðist til

EVROPUBINGIÐ
*Á myndinni er Sigríður
Vala stödd í byggingu
Evrópuþingsins í Brussel í
Belgiu.*

Ljósmyndir: Sigríður Vala Jóhannsdóttir

að fara í þetta skiptinám?

Ég var pirruð. En þá kom kaldhæðnin í þessu öllu saman. Þegar búið var að birta upptökuna á heimasíðunni, reyndist þetta vera minn besti árangur hingað til. Mér var hrósað mikið fyrir þýðingavinnuna mína. Einhver dáðist meira segja að varalitnum mínum. Enginn sem horfði á upptökuna vissi að ég þurfti að gera yfir 20 tilraunir til að hún tækist. Ohh nei, bíðið aðeins, nú vita allir af því, af því að þið eruð að lesa þetta. Æj árans. En bíðum nú við. Ég er ekki að segja að kaldhæðni sé eitt af leyndarmálunum á bakvið góðan árangur. Leyndarmálið er það að finna út hvernig á að stjórna pirringi og hvað á að gera þegar hugur manns lokast. Þegar ég verð kaldhæðin finnst mér ég verða að vera fyndin og þá get ég slakað á. Þetta er eitthvað sem ég lærði þetta kvöld. Núna er ég ekki hrædd við að vera fyrir framan upptökuvélina og ég hata stjórn málaheiminn ekki eins mikið.

Að lokum, ég fékk ekki eins flott tíst eins og Ólafur Stefánsson, „Það er ekki pólitík án Óla.“ Fjórinn, það er gott tíst. En ég vil halda því fram að frammistaða mín hafi verið svo góð að það eru engin orð nógu góð til að tístu um það. En svona í alvörunni þá var þetta frábær reynsla og það dugar mér alveg. Ég lærði að maður á alltaf að vinna heimavinnuna sína, hlæja að vanþekkingu sinni og í aðstæðum þar sem kominn er upp pirringur, setja á sig varalitinn og vera skemmtilegur.



Í VEISLUNNI

Þrjár skiptinemar frá ýmsum löndum; (frá vinstri) Jana Havlová pólitískur skiptinemi frá Tékklandi, Leyre Subijana túlkaskiptinemi frá Spáni og Sigríður Vala Jóhannsdóttir skiptinemi frá Íslandi.



TÁKNMÁLSKÓR
Frá vinstri: Uldis Ozols, Hulda María Halldórsdóttir og Kolbrún Völkudóttir, Ragnheiður Sara Valdimarsdóttir og Gunnar Snær Jónsson

VOX SIGNUM

Efir Lailu Margrétu Arnþórsdóttur

Það var á vordögum 2013 að nýstofnaður hópur Vox Signum tók þátt í gjörningi á vegum Listahátíðar. Árinu áður haði verið haft samband við Félag heyrnarlausra og óskað eftir að fá hóp sem væri tilbúinn að taka þátt í þessu verkefni. Útigjörningurinn sem flytja átti heitir Kross og er höfundur hans Magnús Pálsson listamaður. Auk Vox Signum tóku þátt Kammerkór Suðurlands.

Þetta var spennandi verkefni sem gekk út að það að flytja Davíðsálm án orða. Framkvæmdin var þannig að sálmurinn var fluttur á táknmáli af táknmálskórnum Vox Signum og annar heyrandi kór fór með textann án hljóðs. Stúlka með stórt vasaljós morsaði (merkjamál) sálminn, og önnur fór með sama texta á fána merkjamáli.

Vox hópurinn hafði æft sálminn á táknmáli um tíma en það var bara ein hópæfing og varð því spennandi að koma í Fríkirkjuna og æfa saman og þá tók þetta á sig heildarmynd.

Í tröppunum við altarið var heyrandi kór og þar fyrir aftan var stúlkan með stóra vasaljósið. Vox Signum stóð hægra megin og táknaði, og fremst stóð fána-stúlkan með sitt atriði.

En það var ekki allt búið enn. Allir sem mættu í kirkjuna til að fylgjast með fengu

lítinn poka sem í voru 2 steinvöllur sem átti að nudda saman. Við það myndaðist sérkennilegur þytur í kirkjunni.

Stór reykvel blés reyk um alla kirkjuna. Í lok viðburðarins fóru allir, bæði flytjendur og áhorfendur út og fengu gráa gasblöðru. Þar myndaði fólkið kross og allur hópurinn gekk svo saman í Listasafn Reykjavíkur þar sem aftur var farið með sálminn.

Það voru allir sammála um að táknmálshópurinn hefði staðið sig ótrúlega vel. Í Vox Signum kórnum voru á þessum tíma Kolbrún Völkudóttir, Uldis Ozols og Gunnar Snær Jónsson. Þetta var skemmtileg upplifun og gaman að sjá hvað íslenska táknmálið naut sín vel.

Vox Signum fékk svo boð til að vera með í Hörpunni á jólatónleikum Litla tónsprotans með Sinfóníuhljómsveit Íslands og þá höfðu bæst í hópinn 2 nýir kórfélagar, þau Ragnheiður Sara Valdimarsdóttir og Hulda María Halldórsdóttir sem tók að sér að leiða hópinn. Hulda María sá líka um að þýða það efni sem ekki hafði verið þýtt áður. Kórinn byrjaði að æfa um haustið og nokkrum vikum fyrir sýninguna sjálfa voru þéttar æfingar.

Með á þessum tónleikum sungu líka einsöngvararnir Sigrún Hjálmtýsdóttir og Kolbrún Völkudóttir ásamt kór Langholtskirkju svo að í heildina voru þetta um 200 manns allt niður í 3 ára börn í Krúttkórnum sem slógu alveg í gegn. Það var mjög gaman að fá að vera með í svo stóru verkefni og Guðjón Davíð Karlsson (Gói) kynnir á tónleikunum, kenndi svo öllum að klappa á táknmáli og var stórkostlegt að sjá Eldborgina í Hörpu iðandi af táknmálssklappandi höndum.

Það er gaman að sjá bæði móðurmál okkar Íslendinga blómstra á svona menningarviðburðum. Vonandi fáum við að sjá enn fleiri slíka viðburði í framtíðinni.



LEIGA Á SAMKOMUSAL FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

STAÐUR:

Pverholt 14, 3. hæð, 105 Reykjavík

Um er að ræða fallegan, nýlegan samkomusal miðsvæðis í Reykjavík sem rúmar allt að 150 manns í sæti. Fullkomin eldunaraðstaða er í húsnæðinu, barborð og pallur. í leiguverði er aðgangur að hljóðkerfi og skjávarpa en ekki er píanó í húsnæðinu.

Húsnæðið hentar einkar vel sem ráðstefnusalur, fyrir stórafmæli og fermingar auk brúðkaupa og annarra viðburða. Húsnæðið leigist hvorki til partýhalds né unglingasamkvæma.

LEIGUVERÐ:

Fermingar eða afmæli fyrir kl. 18.00: 60 þúsund krónur

Veislur og viðburðir dagur og/eða kvöld: 95 þúsund krónur

Ráðstefnur eða leiga fleiri daga í senn: Leitið tilboða hjá framkvæmdastjóra á netfangið dadi@deaf.is

SKILMÁLAR:

Innifalið í leiguverði er þrif og afnot af öllum meðfylgjandi borðbúnaði, skjávarpa og hljóðkerfi félagsins.

Aðstoðarmaður/starfsmaður þarf að fylgja hverri leigu og er kostnaður því til viðbótar kr. 2500 fyrir hvern unninn klukkutíma. Starfsmaður opnar og læsir húsnæðinu.

Leyfilegur opnunartími húsnæðisins er til kl. 02:00 um helgar en til kl 00:00 virka daga.

Leigjandi ber ábyrgð á öllum þeim skemmdum er kunna að verða á húsnæði og fastamunum félagsins.

Almennar fyrirspurnir sendist á deaf@deaf.is eða í síma 561-3560 á skrifstofutíma.



ÍSLENSKIR SKARTGRIPIR

eftir **LÍSA DESIGN**

Eftir Gunnar Snær Jónsson

Ung kona að nafni Lísu hafði átt draum lengi og lét hann rætast með því að byrja að hanna skartgripir eftir eigin hugmyndum og og undir eigin merki, Lísu Design. Hún hefur nú hannað margvíslega fallega skartgripir sem hún selur stórum hópi viðskiptavina.

Það var dimmt kvöld þegar hún bauð mér í heimsókn fyrir viðtalið. Íbúðin hennar er stór með nútímalegri hönnun í eldhúsinu sem sameinast stofunni. Börnin hennar voru í stofunni að horfa á teiknimynd í sjónvarpinu. Lísu Marín Jónsdóttir heitir hún fullu nafni og er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún er menntaður stuðningsfulltrúi og á tvö yndisleg börn, Oliver Breka og Athenu Marín. Áður en Lísu Design varð til, vann hún á sambyli á Lækjarási sem stuðningsfulltrúi í mörg ár. Hún þurfti að hætta að vinna þegar hún varð ófrísk að eldra barninu, Oliver, og var komin 7 mánuði á leið. Þá varð hún heimavinnandi móðir og bjó þá í Kópavogi. Fyrsta spurningin mín snerist um að vita hvenær hún byrjaði með Lísu Design. Það hófst árið 2009. Á þessum tíma var hún að leita að einhverju að gera þegar hún hætti að vinna og fékk löngun til að gera

eitthvað skapandi. Það fyrsta sem henni datt í hug var að búa til eyrnalokka og armbönd. Hún ákvað að skoða á netinu til að fá hugmyndir um hvernig maður gæti búið til skartgripir. Á netinu fann hún ýmsar hugmyndir að leiðum og ákvað að prófa sig áfram. „Fyrsta hugmyndin var að hanna lyklakippur með perlum. Svo þróaðist þetta og fleiri möguleikar komu í ljós. Ég sá að ég gat hannað og búið til fleira og þá varð ég spenntari en ég reiknaði með,” segir hún brosandi.

Þegar hún hóf Lísu Design, byrjaði hún að selja lyklakippur, bætti svo við símaskarti sem varð vinsælt á þessum tíma og hún sá sér að hún gæti gert meira. Hún menntaði sjálfa sig í skartgripasmíði og lærði allt á netinu á meðan hún var ófrísk síðustu mánuðum áður en barnið hennar kom í heiminn.



Eyrnarlokkar og armband úr rauðum steinum



Blóðsteins eyrnarlokkar og armbönd.

„Ég byrjaði að skoða mikið á YouTube og þar var fullt af myndböndum í boði sem sýnir fólki skartgripasmíði. Ég leitaði líka til upplýsinga og leiðbeininga á Google og þá byrjaði ég strax að hanna eigin hugmyndir fyrir Lísu Design,” segir hún. Það kom mér á óvart þegar hún sagðist hafa lært allt sjálf, flestir hafa stundað nám til að búa til skartgrip. Hún bætti við: „Ég lærði ekki neitt svoleiðis í skóla og það má segja að ég sé sjálfmenntuð,” og hló.

Þegar ég spurði henni hvernig hún hefði fengið áhuga á að hanna og búa til skartgrip, þá sagði hún, „Þegar ég bjó í Noregi árið 2004, fór ég á námskeið hjá norskum manni sem kenndi hvernig

Hún hefur búið til alls konar skartgrip sem hún selur fyrir Lísu Design. Ég vildi forvitnast um hvernig skartgripar væru í boði hjá henni. Þá nefndi hún að armbönd hefðu verið mjög vinsæl hjá henni síðan Lísu Design hófst og mikið verið seldar með eyrnarlokkum í sama lit eða stíl og armböndin. Hún býr líka til hálsmen með perlum og lás sem er hannaður fyrir aðgangskort eða lykklakippu. „En það er eitt í viðbót sem ég hef prófað nýlega og það var að hanna snuddubönd. Það hefur gengið ágætlega, margir eru að selja svoleiðis í öðrum búðum og samkeppnin er mikil. Armböndin seljast mest af öllu svo ég ætla aðallega að halda áfram með þau,” bætir hún við. Í skartgripunum, sem

efni á að kaupa skartgrip hjá mér.” Hún hefur stundað viðskipti við Íslendinga og útlendinga. „Ég hef fengið póst frá fólki í Bandaríkjunum, Kanada og Norðurlöndum sem hafa mikinn áhuga á að versla og það hefur gengið vel að eiga í viðskiptum við fólk úti í löndum,” segir hún brosandí. Ég spyr hvort fólk geti sérpantað skartgrip frá Lisu Design þar sem allir hafa ólíkan smekk. Hún segir að margir hafi beðið hana um að taka á móti sérpöntunum eða fá breytingu á skartgripum með ákveðinn lit eða útlit og hún hefur alltaf verið jákvæð í að gera allt fyrir viðskiptavinum sínum. „Ég hef næstum því alltaf getað leyst öll mál fyrir viðskiptavinum, en sumir hafa spurt um eitthvað stórt og gróft og það gengur ekki upp vegna verðsins. Að hanna stærri skartgrip kostar meira og ég get því miður ekki boðið svona lágt verð fyrir stærri skartgrip. En yfirleitt hef ég átt góð viðskipti og getað uppfyllt óskir viðskiptavina,” bætir Lísu við brosandí.

„Ég er hjartsýn um að það gæti gerst einhvern tíma..” segir Lísu

maður átti að búa til víkingaarmband.” Víkingaarmbönd eru þekkt á Íslandi og á Norðurlöndunum. Þau eru gerð með þannig aðferð að hver lítill hringur er festur fjórfaltsaman í einu svo að bandið lítur út eins og V í hverri línu. „Þegar ég lærði að gera þetta, vildi ég alltaf gera öðruvísi og nota eigin hugmyndir, aðrar en þær sem voru kenndar á námskeiðinu. Þannig fékk ég áhuga,” segir hún. Hún nefnir líka að þegar hún millilenti í Kaupmannahöfn á heimleiðinni til Íslands, júlín 2004, hafi hún tekið eftir búð í fríhöfninni sem seldi lykklakippur með alls kyns skreytingum og böndum, en henni leist ekki beinlínis vel á hönnunina. „Ég vildi frekar nota perlur í staðskreytinganna í kippunni sem ég sá í búðinni. Þess vegna varð Lísu Design til,” bætir hún við brosandí.

hún býr til, eru aðallega tréperlur, glerperlur og blóð- og hraunsteinar. Í armböndunum er sterkur og ryðfrír vír sem er ólíklegt að hann slitni strax, lásinn er úr 925 silfri. Svo er keðjan í hálsmenunum líka ryðfrí silfurkeðja. Skartgripir eru dýrir í skartgripabúðum, en hvernig er verðið hjá Lísu Design? Frá upphafi var það stefna að hafa verðið ekki mjög hátt, svo fólk gæti notið þess að versla fallega skartgrip fyrir sanngjarnt verð. Hún bætti við, „Markmið mitt hefur alltaf verið að selja hvern skartgrip undir fimm þúsund krónum og það fer ekki hærra.” Ég spurði hvort kreppan sem hófst í október 2008 hafi haft áhrif á verðið. Hún svaraði játandi og brosti, „Ég man vel eftir þegar kreppan kom, þá var tíðin erfið hjá öllum og þess vegna hafði ég alltaf í huga frá upphafi að selja ekki dýrskartgrip svo allir geti haft

Hún bendir á lykklakippur með perlum og segir að einn viðskiptavinur hafi spurt hvort hægt væri að nota svona perlur í eyrnarlokka, en hún sá strax að það var ekki góð hugmynd. „Ástæðan er sú að perlurnar eru frekar þungar, vega um 25 grömm. Ég reyndi að finna aðra lausn og fann léttari perlur sem vógu aðeins um 14 grömm. Þær hentuðu betur í eyrnarlokka.” Viðskiptavinurinn var mjög ánægður með þá og Lísu prófaði að halda áfram að þróa þessa nýju hugmynd og margir sýndu áhuga. Annað dæmi er kona sem vann hjá banka og vildi fá hálsmen með aðgangskorti. Lísu fékk hugmynd að hálsmeni með perlum og lás og viðskiptavinurinn var mjög ánægður með háls-

menið. Þá urðu hálsmenin með aðgangskortunum vinsæl hjá henni.

Hún er heimavinnandi móðir og á tvö börn og spurningin er hvernig hún hefur tíma til að hanna og búa til skartgrip. Hún segist nýta tímann á kvöldin þegar börnin eru komin í rúmið eða eru í þóssun. Ég spurði hana hver væri stærsti draumur hennar. Henni fannst fyndið að heyra þessa spurningu, en hún sagðist sjá fyrir sér framtíð með Lísa Design. Hana langar að opna eigin heimasíðu fyrir fyrirtækið eða komast í samstarf við skartgripabúð eða á heimasíðu þar sem hún gæti selt skartgripina sína. „Ég er bjartsýn um að það gæti gerst einhvern tíma en spurningin er bara hvenær,” segir hún. Svo bætir hún við, „En draumurinn minn hefur alltaf verið að Lísa Design kæmist á markað á Norðurlöndum.” Henni hefur gengið vel að hanna nýja skartgripa á hverju ári og það er hægt að nálgast upplýsingar um Lísu Design á Facebook til að skoða og pantast.

LÍSA DESIGN

Hægt er að nálgast Lisu Design á Facebook,
www.facebook.com/lisa.design.iceland



Hálsmen fyrir aðgangskort eða lykla.



Litrik, síð hálsmen.



Tréperluarmbönd með mörgum litum í boði

6th INDUCTION
sense®

Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE



HÉR ER SPANSUÐU HELLUBORÐ MEÐ HÁPRÓAÐRI NÆMNI FYRIR SKILVIRKNI

Nýja 6th SENSE spansuðu helluborðið setur ný viðmið þegar kemur að eldunartíma og orkuntotkun. Þegar vatn er soðið, stílla skynjarar 6th SENSE tækninnar orkugjöfina þannig að vatnið nái suðupunkti mjög hratt. Sérstök hljóðmerki gerir þér viðvart þegar vatnið er soðið en þá er hitinn lækkaður sjálfvirkt til að viðhalda hitastigi vatnsins. Svo þú þarft ekki að gera neitt! Getur þú hugsað þér einfaldari og þægilegri leið til að draga úr orkuntotkun sem nemur allt að 30%?* Allt þetta er einungis mögulegt hafir þú 6th SENSE.

*Í samanburði við Whirlpool spansuðu helluborð án 6th SENSE á suðustillingu.

Whirlpool

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



Heiðís Dögg Eiríksdóttir, formaður

STAÐA ÍSLENSKA TÁKNMÁLSINS & RÉTTUR TIL TÚLKAÞJÓNUSTU

Formaður Félags heyrnarlausra segir frá stöðu íslenska táknmálsins en það er lagalega viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Einnig segir hún frá réttinum til túlkaþjónustu sem heyrnarlaust fólk þarf í daglegu lífi en beiðni um aukin fjárlög í hann var hafnað haustið 2013.

Staða íslenska táknmálsins og réttur til túlkaþjónustu

Barátta okkar döff (heyrnarlausra) fyrir túlkaþjónustu og stöðu íslenska táknmálsins hefur staðið yfir í marga áratugi. Tímamót urðu þegar sett voru lög nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra en stofnunin er sú eina sem starfar á grundvelli íslensks táknmáls. Markmið laga um Samskiptamiðstöð er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls. Í markmiðinu felst að Samskiptamiðstöð er brú heyrnarlausra að allri þeirri þjónustu sem veitt er í þjóðfélaginu, s.s. félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, fjármálaþjónustu, almennt þeirri þjónustu sem fólk hefur aðgang að í þjóðfélaginu. Táknmálstúlkaþjónusta er forsenda þess við getum notið réttar okkar og borið skyldur sem borgarar. Sterk staða íslenska táknmálsins og aðgangur heyrnarlausra barna að málsamfélagi táknmálsins er forsenda túlkaþjónustu og verður staða málsins ekki tryggð nema með því að rannsaka málið, hlúa að því og vernda. Þann 27. maí 2011 voru lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmál staðfest á Alþingi. Þetta var stór dagur í lífi okkur sem lítum á íslenskt táknmál sem móðurmál okkar. Loksins vorum við viðurkennd sem fullgildir þátt-

takendur í samfélaginu. Áratuga barátta fyrir íslensku táknmáli sem fullgildu máli, jafnrétttháu íslensku, hafði skilað árangri. Þessari stund gleymum við aldrei. Þverpólistísk sátt var um málið og andrúmsloftið einstakt og tilfinningaþrungið á Alþingi.

Óvissa um réttinn til túlkaþjónustu

Þó svo að margt hafi áunnist í réttinda-baráttu okkar hefur lengi ríkt óvissa um réttinn til túlkaþjónustu. Hefur ítrekað þurft að láta á þennan rétt reyna með kæruleiðum og fyrir dómstólum. Í þeim tilvikum sem mál hafa komið til kasta dómstóla hefur rétturinn til túlkaþjónustu, í samskiptum við opinbera aðila verið staðfestur. Á hinn bóginn hefur reynst erfiðara að festa í sessi réttinn til túlkaþjónustu í daglegu lífi, en í því felst túlkaþjónusta í samskiptum við fjölmarga aðila sem við, rétt eins og aðrir þurfum að vera í samskiptum við. Má sem dæmi nefna túlkaþjónustu vegna húsfunda, samskipta við fjármálastofnanir, lögmennt, fasteignasala, o. fl. Stór þáttur af túlkaþjónustu í daglegu lífi er í túlkun á vinnustöðum, s.s. fundum, námskeiðum og öðru sem tengist atvinnuþátttöku döff fólks. Þá er túlkaþjónusta mikilvægur þáttur foreldra í tómtunda- og menningarstarfi barna sinna.

Fram til ársins 2004 hafði Félag heyrnarlausra með ýmsum leiðum vakið athygli stjórnvalda á nauðsyn þess að tryggja félagsmönnum sínum túlkaþjónustu í daglegu lífi, þeim að kostnaðarlausu. Svör stjórnvalda voru almennt á eina leið, þ.e. að starfandi væri nefnd sem hefði til skoðunar með hvaða hætti tryggja mætti þessa þjónustu. Það varð því mikið fagnaðarefni þegar Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra tók af skarið með því að tryggja fjármagn í sjóð sem ætlaður er til túlkunar í daglegu lífi. Í þingræðu við þetta tilefni sagði hún að búið væri að tryggja túlkun fyrir heyrnarlausra í daglegu lífi með varanlegum hætti. Allt frá þeim tíma og til dagsins í dag hefur verið tryggð sérstök fjárveiting til endurgjaldslausrar túlkaþjónustu.

Engin túlkaþjónusta í daglegu lífi frá 1. september 2013

Svo var komið að því að fjárveiting þessa ársins 2013 fyrir túlkaþjónustu í daglegu lífi var uppurin 1. september 2013 og var athygli mennta- og menningarmálaráðherra, Illuga Gunnarssonar, vakin á því. Í bréfi Félags heyrnarlausra til ráðherra lýsir félagið yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem upp er komin

og fer þess á leit að séð verði til þess að fjármagn til þessarar þjónustu verði aukið þannig að tülkaþjónusta í daglegu lífi verði heyrnarlausum áfram aðgengileg. Er rétt að geta þess að ekki er um háar upphæðir að ræða, 6 – 10 milljónir þarf til að veita megi tülkaþjónustu í daglegu lífi fram að fjárveitingu næsta árs. Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, tilkynnti í svarbréfi að ráðuneytið hefði ekki tók á að mæta þörf á auknu fjárframlagi í sjóðinn. Er vísað til þess að nú sé „starfandi framkvæmda-nefnd í málefnum heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, sem vinnur að tillögum til framtíðar í málaflokknum. Gera megi ráð fyrir að nefndin geri tillögur um nauðsyn þess að heyrnarlausir njóti réttinda sinna um að fá táknmálstülkun í öllu daglegu lífi eftir þörfum þó ekki sé ljóst á þessari stundu hverjar tillögur verða um hvaða aðili skuli bera kostnað af tülkuninni.“ Svar mennta- og menningarmálaráðherra minnti óneitanlega á gömul svör sem svo oft áður hefur verið gripið til af hálfu stjórnvalda.

7 nefndir og 8 skýrslur á 25 árum

Á 25 ára tímabili hafa verið skipaðar a.m.k. 7 nefndir til að fjalla um úrræði sem tryggja okkur döff þjónustu, m.a. tülkaþjónustu. Á sama tíma hafa verið lagðar fram a.m.k. 8 skýrslur sem taka á sama efni. Er hér á eftir stiklað á stóru í 25 ára nefnda- og skýrslusögu í umfjólun um réttindamál döff fólks, m.a. réttinn til tülkaþjónustu.

Árið 1988 kom út skýrsla nefndar félagsmálaráðherra um málefni heyrnarlausra. Í skýrslunni er m.a. varpað ljósi á félagslega stöðu heyrnarlausra. Niðurstöður nefndarinnar voru m.a. að menntunarstaða heyrnarlausra væri bágborin og að þeir væru oft í vandræðum með að sinna einföldustu erindum daglegs lífs. Lagði nefndin m.a. til að komið yrði á laggirnar almennri tülkaþjónustu við heyrnarlausu auk þess sem nefndin lagði fram tillögur um fyrirkomulag slíkrar þjónustu.

4. janúar 1992 skipaði þáverandi menntamálaráðherra Ólafur G. Einarsson nefnd um tülkamál. Hlutverk nefndarinnar var að vinna drög að reglum um fyrirkomulag tülkaþjónustu við heyrnarlausu ásamt tillögum um hvernig greiðslum fyrir þjónustuna verði háttáð. Nefndin skilaði skýrslu „Skýrsla starfshóps um tillögur til bættrar þjónustu í táknmálstülkun“ í apríl sama ár (1992). Í skýrslunni voru lagðar fram 3 tillögur að leiðum til að tryggja að sérhver einstaklingur fái þörfum sínum fyrir endurgjaldslausri

tülkaþjónustu fullnægt eftir eigin óskum sem geri þeim kleift að lifa eins og aðrir og taka þátt í samfélaginu. Tillögum skýrslunnar var ekki komið í framkvæmd.

Árið 1994 kom út skýrsla á vegum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra „Könnun á félagslegri þjónustu við heyrnarlausu og tülkaþjónustu. Í skýrslunni kom m.a. fram að nauðsynlegt væri að varanlega væri tryggð tülkaþjónusta fyrir heyrnarlausu/heyrnarskerta. Voru lagðar fram tillögur um greiðsufyrirkomu-lag tülkaþjónustu. Tillögum skýrslunnar var ekki komið í framkvæmd.

1. mars 1995 veitti þáverandi félagsmálaráðherra, Rannveig Guðmundsdóttir, 2 milljónum króna til greiðslu kostnaðar vegna táknmálstülkunar heyrnarlausra í samræmi við reglur sem fylgdu úthlutuninni en þær áttu að gilda þar til nefnd sem ríkisstjórnin samþykkti að skipa þann 10. janúar 1995 hefði skilað tillögum sínum um framtíðarskipan táknmálstülkunar. Um leið beindi félagsmálaráðherra þeim tilmælum til sveitarstjórna að þær settu sér reglur sem fælu í sér að heyrnarlausir öðluðust rétt til táknmálstülkunar vegna menningarlífs og þátttöku í tómsundastarfi.

Nefndin sem skipuð var þann 10. janúar 1995 skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra í apríl 1996. Í skýrslunni voru lagðar fram tillögur um að skýrt verði kveðið á um rétt til tülkunar fyrir heyrnarlausu, heyrnarskerta og daufblindra þar sem það á við í öllum almennum lögum er varða réttindi og skyldur og í lögum um málefni fatlaðra. Þetta verði haft í huga við endurskoðun laga í framtíðinni.“ Einnig voru lagðar fram tillögur um hvernig standa ætti að tülkaþjónustu þar til endurskoðun laganna hefði farið fram. Tillögum nefndarinnar var ekki komið í framkvæmd. Einu lögin, sem eftir þessar tillögur kveða á um rétt til tülkaþjónustu, voru lög nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga en þau tóku gildi 1. júlí 1997. Árið 1996 samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu þáverandi menntamálaráðherra, Björns Bjarnasonar, að koma á fót starfshóp til að fjalla um verkaskiptingu ráðuneyta í þágu fatlaðra. Sigríður Anna Þórðardóttir, þáverandi alþingismaður, var skipaður formaður starfshópsins. Kom fram í ræðu hennar á Alþingi þann 6. október 1998, í umræðu um réttarstöðu heyrnarlausra, að í „starfshópnum hafi sérstaklega verið til meðferðar málefni heyrnarlausra.“ Vorið 1997 skoruðu heyrnarlausir á forsætisráðherra að tryggja rétt heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra til tülkaþjónustu í lögum og viðurkenna

íslenska táknmálið sem móðurmál þeirra. Í framhaldi af því veitti ríkisstjórnin, til bráðabirgða, fé til tülkaþjónustu. Jafnframt var því beint til umrædds starfshóps að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um framtíðarlausn málsins.

Á árunum 1997 til 2004 komu árlega upp þær aðstæður að bráðabirgða-úthlutun ríkisstjórnarinnar kláruðust og heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum var synjað um endurgjaldslausu tülkaþjónustu.

Starfshópur í tæp 6 ár og engin niðurstaða.

Félag heyrnarlausra reyndi ítrekað að fá upplýsingar um störf starfshóps sem ríkisstjórnin hafði samþykkt að skipa árið 1996. Það var ekki fyrr en tæpum sex árum eftir að starfshópurinn var skipaður, í nóvember 2002, að formaður starfshópsins óskaði eftir að vera leystur frá störfum. Engin niðurstaða/skýrsla kom frá starfshópnum. Árið 2004 kom út rannsóknin „Könnun meðal heyrnarlausra á Íslandi“ sem unnin var að Rannsóknnum og greiningu að beiðni Félags heyrnarlausra. Í rannsókninni kom fram að rúm 30% þeirra sem svöruðu í könnuninni sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri misnóttun fyrir 18 ára aldur. Í nóvember 2008 kom út skýrsla á vegum Félags heyrnarlausra, „Heyrnarlausir með frekari fötlun.“ Skýrslan fjallar um málefni heyrnarlausra einstaklinga með frekari fötlun, s.s. geðfötlun og/eða þroskaskerðingu. Í skýrslunni er greining á stöðu þessa hóps, tillögur um uppbyggingu þjónustu og kostnaðaráætlun. Ástæða þess að Félag heyrnarlausra lét vinna þessa skýrslu var sú að félags- og geðheilbrigðiskerfið hefur ekki getað veitt heyrnarlausu fólki með fötlun þjónustu. Birtist sá vanmáttur fyrst og fremst í því að fagfólk á þessu sviði skortir þekkingu til að veita heyrnarlausum þjónustu (þó svo að ekki skorti vilja starfsfólksins).

Forsætisráðherra biður heyrnarlausu afsökunar

Þann 31. ágúst 2009 kom út skýrsla Vistheimilisnefndarinnar (Spanónefndin) sem m.a. kannaði starfsemi Heyrnleysingjaskólans frá árunum 1947 til 1992. Í tillögum nefndarinnar segir m.a. „Eins og ráðið verður af niðurstöðum nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 um starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992 er ljóst að sú kennslustefna, talmálsstefnan, sem unnið var eftir nánast allan starfstímann, og sá aðskilnaður við fjölskyldur sem ung heyrnarlaus börn þurftu að búa við, hafi verið þessum hópi afar þungbær. Nefndin telur það engum

vafa undirorpið að þessi aðstaða hafi átt verulegan þátt í að skerða lífsgæði þessara einstaklinga í íslensku samfélagi. Að þessu virtu og í samræmi við d-lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 26/2007, leggur nefndin það til við stjórnvöld að tekin verði eins fljótt og kostur er skýr, efnisleg afstaða til ofangreindra tillagna um úrbætur í málefnum heyrnarlausra, einkum þeirra sem fram koma í ofangreindri skýrslu Félags heyrnarlausra frá árinu 2008. Í því sambandi telur nefndin mikilvægt að náðið og gott samráð verði haft við Félag heyrnarlausra.“ Í kjölfar útkomu skýrslu nefndarinnar bað þáverandi forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir heyrnarlausra afsökunar á óásætlanlegri og illri meðferð sem þeir sem táknmalstalandi börn höfðu orðið fyrir.

Árið 2010 skipar mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, framkvæmdanefnd í málefnum heyrnarlausra. Segja má að sú nefnd sé ennþá starfandi en nú undir heitinu framkvæmdanefnd II. Framkvæmdanefnd I skilaði skýrslu snemma árs 2011. Framkvæmdanefnd II hóf störf á haustdögum 2012. Engar framkvæmdir hafa orðið á tillögum

framkvæmdanefndar I. Þess má geta að sumarið 2010 lagði Félag heyrnarlausra fram heildstæðar tillögur til framkvæmdanefndar I um þjónustu við félagsmenn sína. Þær tillögur voru lagðar til hliðar.

Staðan í dag:

Þrátt fyrir fjölda skýrslna, rannsóknir og kannanir stöndum við döff enn og aftur frammi fyrir þeim vanda að vera ekki örugg um endurgjaldslausu túlkajónustu í daglegu lífi. Þetta þýðir að við sem þurfum að reiða okkur á táknmal getum ekki sinnt okkar dagleguskuldum sem íbúar í fjöleignarhúsi, sem starfsmenn, sem foreldrar. Við getum ekki verið þátttakendur með fjölskyldu okkar á hátíðisdögum. Við getum heldur ekki átt samskipti vegna kaupa á húsi eða bíl. Við eigum á hættu að missa starfið okkar þar sem við getum ekki tekið þátt í fundum og fræðslu sem eru nauðsynleg vegna starfa okkar. Maður hlýtur að spyrja. Hvað gengur stjórnvöldum eiginlega til? Ný lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmal máls mæla fyrir um að íslenskt táknmal sé jafnréttihátt íslensku. Samkvæmt sömu lögum er óheimilt að mismuna fólki eftir því hvort málið það notar.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, undir mennta- og menningarmál, segir að styrkja þurfi stöðu íslenska táknmalins. Hvaða merkingu hafa þessi lög sem þverpólískt sátt var um að samþykka? Hvaða þýðingu hafa yfirlýsingar um að styrkja þurfi stöðu íslenska táknmalins? Er það ekki fyrst og fremst þeirra sem setja lög og setja fram opinberar stefnuýfirlýsingar að virða löggin, fara að þeim og fylgja þeirri stefnu sem þeir sjálfir leggja fram? Án réttinda vegna endurgjaldslausrar túlkajónustu fyrir döff í daglegu lífi er ekki verið að styrkja stöðu íslenska táknmalins. Hún er ekki til þess fallin að gera okkur sem reiðum okkur á táknmal til samskipta sem þátttakendur í samfélaginu. Hún leiðir til þess að við verðum einangraður hópur þiggjenda sem fer á mis við þau lífsgæði sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Hún leiðir til þess að samfélagið fer á mis við þátttöku okkar og það sem við höfum fram að færa. Fyrir hönd stjórnar Félags heyrnarlausra

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
formaður Félags heyrnarlausra

www.n1.is facebook.com/enneinn

Hluti af daglegu lífi

ÁRIÐ 1992
Fyrsti Vegabréfaleikurinn

Tankur fólksbíls rúmar að jafnaði
50 lítra
= 151 ½
lítil kók í gleri.

KÓK & PRINS
Sívinsæl samsetning.

Þétttriðið þjónustunet N1 veitir Íslendingum orku til að komast áfram – því að saman höldum við samfélaginu á hreyfingu.

Komum af stað!



SIGNWIKI TILNEFNT TIL NÝSKÖPUNARVERÐLAUNA

SignWiki vefur Samskiptamiðstöðvarinnar var tilnefndur til Evrópsku nýsköpunarverðlaunanna í opinberum rekstri (EPSA). Verðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn í Maastricht í Hollandi í lok nóvember.

Tvö íslensk verkefni voru tilnefnd þetta árið, það er SignWiki og samskiptavefur Lögreglunnar í Reykjavík. Þetta er í fyrsta skipti sem íslensk verkefni taka þátt en verðlaunin eru afhent annað hvert ár.

Verðlaunin eru veitt annað hvert ár og er keppt í þremur flokkum. SignWiki keppir í flokki sem kallast Evrópu/riksflokkur en Samfélagsmiðlar lögreglunnar í héraðs/svæðis-

bundnum flokki. Samtals eru 15 verkefni komin í úrslit, fimm í hverjum flokki.

Í ár voru 230 verkefni tilnefnd til verðlaunanna frá 26 ríkjum og stofnunum ESB. Flestar tilnefningarnar komu frá Spáni (46) og Póllandi (36) en fimm komu frá Íslandi. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskar stofnanir taka þátt. 47 verkefni hafa þegar fengið sérstakar viðurkenningar sem framúrskarandi verkefni (Best practice), þar af þrjú frá Íslandi, SignWiki, Samfélagsmiðlar lögreglunnar og LibroDigital sem þróað var af Hljóðbókasafni Íslands.



Árný Guðmundsdóttir-táknálmálstúlkur og Valgerður Stefánsdóttir forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnakertra.



DÖFFMÓT 2013

Fyrstu helgina í júlí í fyrra var haldið Döffmót í félagsheimili Goðalands í Fljótshlíð. Það komu 91 manns á mótið en helmingur þeirra kom þangað í dagsferð þannig að færri gistu í tjöldum en venjulega á undanförunum árum. Ástæðan var sú að það var mígandi rigning og rok á föstudagskvöldinu og fólk hafði ekki mikinn áhuga á gista yfir helgina. Fólk með tjaldvagna eða hjólhýsi komust ekki einu sinni yfir Hellisheiði vegna veðurs. En um kvöldið var kynning á dagskrá mótsins og það var mikið fjör þetta kvöld og þeir sem voru mættir létu veðrið ekki á sig fá.

Á laugardeginum kom í ljós að eitt tjald hafði skemmst um nóttina, tveir menn sváfu ekkert í tjaldinu og þeir gistu bara eina nótt. Eitt tjald blotnaði svo mikið að dýnan varð gegnblaut og sömuleiðis sængin og fötin sem voru inni í tjaldinu. En fólk sem hélt kyrru fyrir um helgina lét veðrið ekki hafa nein áhrif á sig og hélt áfram að skemmta sér. Sama dag fóru þau 44 manns

í Njálufurð í rútu ásamt tveimur táknálmálstúlkum, leiðsögumanni og rútbilstjóra. Ferðin heppnaðist mjög vel miðað við hvernig veðrið var. Farið var í Hlíðarendakirkju í Fljótshlíð, Stóra Dímon og Bergþórshvol og síðan í Sögusetrið sem er safn á Hvolsvelli og ferðin tók næstum því 4 klukkustundir.

Margir voru ánægðir með ferðina, það var skýjað en sólin skein af og til og það var smá vindur en ekki mjög kalt, um morgun rigndi í smá stund. Svo var grillað um kvöldmatarleytið eins og venjulega. Eftir matinn voru skemmtiatriði sem heppnuðust mjög vel en börnin urðu samt fyrir vonbrigðum af því að það var ekki bingó eins og árið 2012. Á sunnudeginum skein sólin um morguninn, og gestir mótsins nutu helgarinnar vel með hver öðrum. Döffmótsnefndin er að skipuleggja næsta Döffmót sem verður haldið 27. til 29. júní 2014 í Vestmannaeyjum.

Myndir frá Döffmótinu á næstu blaðsíðu.



Ljósmyndir: Vilhjálmar G. Vilhjálmsson





TINNA TÁKNMÁLSÁLFUR SNÝRAFTUR

Nú hefur Félag heyrnarlausra fengið nýtt verkefni með þekktri persónu að nafni Tinna táknmálsálfur. Þessi persóna hefur undanfarið birst í Stundinni okkar á Ríkissjónvarpinu, eftir að hafa fengið styrk frá ISAVIA.

Nú í haust 2013 tóku nýjir aðilar við Stundinni okkar og Tinna táknmálsálfur passaði ekki lengur inn í efni þáttarins. Félagið vill þó ekki gefast upp því það telur brýnt fyrir minnihlutahóp barna og foreldra þeirra að geta fengið aðgengi að táknmáli sem er móðurmál þeirra.

Þess vegna hefur Félag heyrnarlausra ráðist í að vinna sjónvarpsefni fyrir börn á táknmáli. Það er mikill metnaður í verkefni-
nu og kostnaður við hvern þátt er um það bil 350 þúsund krónur. Þættirnir eru ætlaðir fyrir heyrandi og heyrnarlaus börn. Félagið gerir ráð fyrir að stefnt verði á að framleiða tíu þætti á ári. Verkefnið mun taka um 4 ár.



Próstur Friðbjólfsson verkefnastjóri fjárfelunar hjá Félagi heyrnarlausra tekur á móti styrk frá ISAVIA.

10 HÓTEL UM ALLT LAND
BÓKAÐU HÉR



FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND



MÁLÞING UM ATVINNULÍF DÖFF Í NORÐURLÖNDUM

Málþing um atvinnulíf Döff á Norðurlöndum var haldið í Salnum í Kópavogi í apríl 2013. Tilfni þess var að Norðurlandaráðsfundur Döff var hér á Íslandi enfulltrúar ráðsins hittast tvisar á ári á fundi. Á öðrum hverjum fundi er stefnan að hafa málstofu eða málþing um málefni sem brenna mest á Döff í Norðurlöndum. Kom það í hendur okkar á Íslandi að skipuleggja málþing um atvinnulíf Döff.

Fjölbreyttir fyrirlestrar voru á dagskránni, má þar nefna fyrirlesara frá Danmörku sem starfar sem atvinnuráðgjafi sem fjallaði um hegðun Döff á vinnustað og hvað væri ólíkt með heyrandi og Döff. Í Danmörku er atvinnuleysi Döff í háu hlutfalli samanborið við heyrandi. Margir þættir hafa þar áhrif og nefndi hann nokkur dæmi sem gætu skýrt þetta s.s háar bætur, fordómar eða þekkingarleysi þegar kemur að því að ráða Döff í vinnu. Döff haldast síður í vinnu ef þau eru ein á vinnustað vegna einangrunar. Döff eru að ljúka meiri menntun en áður fyrr og erfiðara að fá vinnu með háskólaprófsamanborið við iðnmenntun og fleiri atriði voru nefnd. Einnig var flutt erindi um frumkvöðlastarf. Ung Döff kona frá Danmörku sagði frá eigin reynslu af því að stofna fyrirtæki og hvað Döff þurfa að gera til að ná markmiðum sínum.

Hún sagði mikilvægt að Döff standi á eigin fótum, hafi sterka trú á eigin hugmyndum og komi þeim í verk.

Farið yfir tölfræðilegar staðreyndir um stöðu menntunnar hjá Döff í Finnlandi, atvinnuleysi eftir landshlutum í Finnlandi, atvinnuleysi milli ára og fleira.

Á Íslandi eiga Döff möguleika á að nýta sér vinnusamninga sem eru í ábyrgð hjá Tryggingastofnun. Þessir samningar gefa þeim tækifæri til að sýna vinnuveitendum hvað í þeim býr enda er þekkingarleysi helsta ástæða óttans við að ráða Döff í vinnu. Í umræðum voru flestir sammála um að atvinnuleysi á meðal Döff á Norðurlöndunum sé líklega lægst hér á Íslandi en þó er ekki hægt að slá því föstu, enda engin gögn til um það.

Á Íslandi erum við hins vegar langt á eftir í réttindum sem varða túlkun í atvinnulífi. Félag heyrnarlausra hefurupplýst framkvæmdanefnd II sem vinnur að framhaldsvinnu að málefnum Döff, heyrnarskertra og þeirra sem eru með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, um þessa stöðu. Auk þess hafa fulltrúar Fh farið á fund með félagsmálaráðherra og afhent honum minnisblað. Mun félagið halda áfram að berjast fyrir því að Döff fái réttindi á túlkun í atvinnulífi samhliða vinnu við framkvæmdanefnd II.

FYRSTA ALPJÓÐLEGA KEILUMÓT Á ÍSLANDI

• sæti Reto Schellenberg, GSKV Winterhur, Sviss, 1098

Einstaklingskeppni

Konur:

- sæti Nadezda Korablinova, Moskva, Rússland
- sæti Senja Loppinen, Uljas Tampere, Finnland
- sæti Trude Nilsen, Trondheim Døves Idrettslag, Noregur
- sæti Irene Ryden, IK Hephata, Svíþjóð
- sæti Julia Golitsyna, Moskva, Rússland
- sæti Ragnheiður Þorgilsdóttir, ÍFH-Elding, Ísland



Karlar:

- sæti Christian Fay Radoor, Tenpins94, Danmörk
- sæti Sergio Trovato, Asd GSS Torino, Ítalía
- sæti Jóhann Ragnar Ágústsson, ÍFH-Múrbrjótur, Ísland
- sæti Markku Joppinen, Jaguaart Jyväskylä, Finnland
- sæti Dmitry Kuzenetsov, Moskva, Rússland
- sæti Stein Erik Wroldsen, Oslo Døves Sportsklubb, Noregur

Tvímenningskeppni

Konur:

- sæti Ine Lorentzen/Hildegunn Teigan, Stavanger Døves Idrettsforening, Noregur, 2.078
- sæti Ragna G. Magnúsdóttir/Eva Ulfsparré, KFR-Afturgöngur, Ísland/Trollhättan, Svíþjóð, 2.066
- sæti Nadezda Korablinova/Olga Anufrieva, Moskva, Rússland, 1.998
- sæti Anna Kristín Óladóttir/Ragnheiður Þorgilsdóttir, ÍFH-Elding, Ísland, 1.955
- sæti Marita Sundell/Irene Ryden, IK Hephata, Svíþjóð, 1889
- sæti Nadya Shachbazyan/Marina Katanskaya, Moskva, Rússland, 1871

Karlar:

- sæti Stein Erik Wroldsen/Rolf Boysen, Oslo Døves Sportsklubb, Noregur, 2.339
- sæti Alex Drozhbin/Dmitry Kuzenetsov, Moscow, Rússland, 2.293
- sæti Kjell Ivar Mesics/Einar Hartveit, Porsgrunn Døves Sport, Noregur, 2.258
- sæti Kauko Järvensivu/Markku Loppinen, Uljas, Finnland, 2.151

Ljósmyndir: Ragnheiður Þorgilsdóttir



Mótið var dagana 5. til 7. september 2013 og hófst snemma á fimmtudagsmorgni. Mótið var haldið í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð og þátttakendur voru frá 10 löndum þ.á.m. Íslandi. Önnur lönd sem tóku þátt í mótinu voru: Danmörk (11), Emirates (1), Finnland (6), Frakkland (2), Ítalía (2), Noregur (26), Rússland (16), Svíþjóð (5) og Sviss (1). Mótið gekk mjög vel en seinkaði um meira en einn tíma. Á föstudeginum gekk betur, þar sem dagskráin byrjaði á réttum tíma. Á fimmtudeginum var einstaklingskeppni og á föstudeginum tvímenningskeppni. Á laugardegnum var úrslitakeppni. Tuttugu konur og tuttugu menn komust áfram og þann dag fækkaði niður í 12 konur/menn og að lokum niður í 4 konur/menn. Eftir fyrstu lotu í einstaklingskeppninni urðu Ragna í 4. sæti með 1044 stig og Ragnheiður í 5. sæti með 1043. Anna, Ragna, Ragnheiður og Jóhann komumst áfram í úrslitakeppina. Svo komust Ragnheiður og Jóhann áfram í 12 manna úrslitin. Þá datt Ragnheiður út og varð í 6. sæti. En Jóhann komst áfram í 4 manna úrslit og hann lenti svo í 3. sæti. Þetta var í fyrsta skipti sem Jóhann var með í svona stóru mót. Ragna komst í 2. sæti í tvímenningskeppni með sænskri konu, Evu Ulfsparré. Anna og Ragnheiður lentu þar í 4. sæti. Tveir íslendingar komust í úrslit í keppninni sem er frábær árangur. Annars stóðu flestir sig mjög vel. Þetta gekk vel og það var gaman að hitta nýtt fólk. Einnig að fá að prófa svona stórt mót. Á laugardagskvöldinu var síðan haldið lokahóf á Rúbin sem gekk mjög vel. Ljúffengur matur og góð skemmtiatriði. Sumir dönsuðu fram á rauða nótt.

Einstaklingskeppni eftir fyrstu lotu

Konur:

- sæti Dudina Ksenia, Saint-Petersburg Club, Rússland, 1192
- sæti Eva Ulfsparré, Trollhättan, Svíþjóð, 1144
- sæti Nadezda Korablinova, Moskva, Rússland, 1085
- sæti Ragna Guðrún Magnúsdóttir, KFR-Afturgöngur, Ísland, 1044
- sæti Ragnheiður Þorgilsdóttir, ÍFH-Elding, Ísland, 1043
- sæti Ine Lorentzen, Stavanger Døves Idrettsforening, Noregur, 1023

Karlar:

- sæti Kauko Järvensivu, Uljas, Finnland, 1319
- sæti Frederic Divol, V.A.S.H Salon de Provence, Frakkland, 1238
- sæti Christian Fay Radoor, Tenpins94, Danmörk, 1197
- sæti Markku Loppinen, Jaguaart Jyväskylä, Finnland, 1159
- sæti Einar Hartveit, Porsgrunn Døves Sport, Noregur, 1114

- sæti Dag Hafstad/Egil Johansen, Bergen Döves Idrettsklubb, Noregur, 2084
- sæti Þröstur Friðþjófsson/Jóhann R. Ágústsson, ÍFH-Múrbrjótur, 2067

Þröstur Friðþjófsson sá um undirbúning mótsins sjálfur. Böðvar Már Böðvarsson og Ragnheiður hjálpaðu einnig til við undirbúninginn. Andrés Hauksson var mótstjóri og sá um skráningu, skor og þess háttar. Einnig hjálpaðu Ana Rita Gomes, Jóel Eiður Einarsson og Karenina Kristín Chiodo til ásamt fleirum. Allir stóðu sig vel á mótinu og margir farnir að hlakka til næsta Alþjóðamóts sem stefnt er á að halda eftir 2-3 ár.



DEAFLYMPICS Í SOFIU 2013

Eftir Bernharð Guðmundsson

aðeins frá sínu besta og fékk 985, samtals fékk liðið 2168. Það var mjótt á mununum milli 4 til 8 sætis, þannig að árangur þeirra er vel ásættanlegur. Enn trónuðu Asíubúar toppinn og Kóreubúar tóku 1. sætið með 2322, Taiwanar fylgdu á eftir og rússar lentu í 3. sæti.

Þröstur Friðþjófsson og Jóel Eiður Einarsson spiluðu ágætlega þennan dag og lentu í 40. sæti með 1946, þeir bættu árangur sinn frá deginum áður, Jóel spilaði ágætlega leik og fékk 1020 og Þröstur bætti sig aðeins með 926.

Liðakeppnin

Við keppum í liðakeppninni án möguleika til verðlaunasæta, þetta er til að eiga möguleika á að komast í Masters Finalen. Þarna gékk okkur mun verr og Ragnheiður og Ragna voru langt frá sínu besta. Samt sem áður tókst Ragnheiði að tryggja sér sæti í Masters finalen, varð í 8 sæti. Ragnheiður spilaði 1053.

Því miður er ekki hægt að sjá niðurstöður okkar, þar sem við stilltum ekki upp liði.

Masterfinalen

Ragnheiður Þorgilsdóttir komst áfram meðal Íslendinga í Masterfinalen, Ragna G. Magnúsdóttir lenti í 41. sæti og Anna K. Óladóttir í 62. sæti. Fjórir norðurlandabúar komust áfram, 2 svíar og 1 finni. Mastersfinalen var spilaður á tveim dögum, þar sem spilað er allir á móti öllum, 8 leikir í fyrri daginn og 7 leikir seinni daginn.

Norðmenn voru dottirnir úr leik bæði í karla og kvennaflokki, fengum við þess vegna dyggilega aðstoð frá norðmönnum sem "lánuðu" okkur þjálfara sinn, Peter "Peppe" Engström, einnig fengum við tákmalstúlk til aðstoðar, það má segja að Norðurlöndin hafi staðið saman og stutt hvort annað, þjálfarinn er sænskur, þjálfar norska liðið og túlkurnn norskur og Ragnheiður búsett í Danmörku.



Fimm einstaklingar tóku þátt í keilu fyrir Íslands hönd, þau voru Jóel Eiður Einarsson, Þröstur Friðþjófsson, Anna Kristín Óladóttir, Ragna G. Magnúsdóttir og Ragnheiður Þorgilsdóttir. Keppt var í einstaklings-, tvímenningi og einnig í liðakeppninni (4 manna lið) til að hafa möguleika á að spila í Masters Finals (16 bestu í kvenna og karlaflokki).

Í einstaklings, tvímenningi og liðakeppni voru spilaðir 6 leikir hver, en Ísland hafði ekki möguleika á að spila um verðlaunasæti í liðakeppninni, þar sem við þurftum að stilla upp 4 leikmönnum þá í kvenna og karlaflokki.

Einstaklingskeppnin

Einstaklingskeppnin í kvennaflokki var spennandi, enda var samkeppnin hörð um efstu sætin. Eftir lok fyrsta dags vermdi Ragnheiður Þorgilsdóttir annað sætið með 1136 og Rússland trónuðu á toppnum, en 7 keppendur áttu eftir að keppa daginn eftir og var því spennan og eftirvæntingin mikil. Mundi Ragnheiður halda silfrinu eða myndu stelpurnar frá Asíu ná betri leik og þar með yfirtaka silfursætið.

Taiwan sem hefur á að skipa sterku liði voru með þrjú keppendur og þeir röðuðu

sér ofanlega, þannig að lokastaðan varð að Ragnheiður lenti í 5. sæti, einungis 14 pinnum (keilum) frá bronsi. Taiwanar hirtu gullið með samtals 1221.

Ragna varð í 20. sæti með 1039 og Anna Kristín Óladóttir í 59. sæti með 801. Ragna og Ragnheiður höfðu enn möguleika á að vera með í baráttunni um sæti í Master finals.

Í karlaflokki lenti Jóel Eiður Einarsson í 85. sæti með 961 pinna og Þröstur Friðþjófsson í 93. Sæti með 893 pinna.

Tvímenningur

Það kom í hlut Ragnheiðar Þorgilsdóttur og Rögnu G. Magnúsdóttur að spila saman í tvímenningi, þar sem þær spiluðu vel í einstaklingskeppninni. Þröstur og Jóel spiluðu einnig tvímenning, en Anna Kristín Óladóttir spilaði ásamt öðrum þjóðum er söknuðu makka, til að hafa möguleika á að komast í Masterfinalen. Til að komast á Masterfinalen, þarf að spila 18 leiki (einstaklings, tvímenning og lið) og vera meðal 16 bestu.

Ragnheiður og Ragna lentu í 8. sæti og Ragnheiður átti frábæran dag, spilaði 1183 og gerði persónulegt met í 3 leikjum, 629. Ragna spilaði stöðlan leik, en var

Asiubúar og Rússar voru yfirráðandi á verðlaunapallinum og því var þetta kærkomin aðstoð, þar sem Íslendingar hafu spilað án þjálfara í keppninni og Ragnheiður hafði ekki fundið rétta spilið í liðakeppninni og því spilað undir því nivæui hún spilaði í einstaklings og tvímenningi. Þarna komst Ragnheiður í rétta girinn með dyggilegri aðstoð þjálfarans og fór að spila sambærilega við upphaf keppinnar. Það vantaði upp á að fá fleiri fellur en Ragnheiður var dugleg í feykjunum (semsagt fella allar keilurnar í annarri tilraun) og þarna kom sér vel að fá aðstoð við tæknina.

Á fyrsta degi spilaði Ragnheiður mjög vel, var að spila vel yfir 184 í meðaltali (því miður vantar niðurstöður úr Masters) og á öðrum degi var spilamennskan svipuð og komst Ragnheiður í 10 manna úrslit. Ragnheiður fékk mótherja sem lenti í 1.

sæti og nú tók við úrslátarkeppni en hún átti ekki möguleika, þar sem Kóreubúinn spilaði 278 (hæsti mögulegi leikur er 300), fékk fellu eftir fellu, þannig að Ragnheiður datt úr leik og endaði í 10. sæti í Masters.

Á heildina lítið er þetta mjög góður árangur hjá íslensku stelpunum, liðið hefur spilað án þjálfara þar til þegar það kom að úrslitakeppninni. Löndin sem hirtu flest efstu sætin eru skipuð atvinnu- mönnum og því er þetta framúrskarandi árangur. 5. sæti í einstaklingskeppninni og 8. sæti í tvímenningi og 10. sæti í masters á Ólympíuleikum heyrnarlausra er eitthvað sem Ísland getur státað sig af.

Niðurstaða í einstaklingskeppninni:

Konur:

<http://sofia2013.seeallsports.com/Sports/CompetitionSchemes?competitionId=427>

Karlar:

<http://sofia2013.seeallsports.com/Sports/CompetitionSchemes?competitionId=426>

Niðurstaðan í Tvímenningi

Konur:

<http://sofia2013.seeallsports.com/Sports/CompetitionSchemes?competitionId=423>

Karlar:

<http://sofia2013.seeallsports.com/Sports/CompetitionSchemes?competitionId=422>

Liðakeppni:

Konur:

<http://sofia2013.seeallsports.com/Sports/CompetitionSchemes?competitionId=428>

Karlar:

<http://sofia2013.seeallsports.com/Sports/CompetitionSchemes?competitionId=429>

Ljósmyndir: Ragnheiður Þorgilsdóttir



TÁKNMÁLSTAFJÖR

Í sumar var haldið sumarnámskeið fyrir táknmástalandi börn. Döff börn, börn Döff foreldra og systkini skráðu sig til leiks á Táknmálsfjörinu dagana 18.-21. júní í Ártúnsskóla. Dagskráin var fjölbreytt og dagurinn fljótur að líða. Má þar meðal annars nefna lista- og leiksmiðjuna, Árbæjarsafnið, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Elliðarárdalinn og fleira. Sumarveðrið sem hafði ekki látið sjá sig mætti með fullum skruða með sólskini á námskeiðinu. Starfsmenn voru táknmástalandi og þakkar Félag heyrnarlausra samstarfið við SHH og Sólborg fyrir lánið á frábærum starfsmönnum. Þessi vettvangur er mikilvægur fyrir börnin til að

koma saman og eiga góðar leikstundir á táknmáli, fá tækifæri til að leika sér í táknmálssumhverfi. Í dag þarf að beita kröftum til að efla táknmálssumhverfi þar

sem staða íslenska táknmálsins er frekar veik og beitir Félag heyrnarlausra sér fyrir því, ásamt öðrum verkefnum, að hlúa að og efla táknmálssumhverfi á Íslandi.



MÁLÞING FYRIR LESBÍUR

Í fyrrasumar fóru tvær konur að nafni Ana Rita Gomes og Guðrún Hafliðadóttir í frí til Brussel í Belgíu í einu viku frá 27. júní til 4. júlí. Þá var haldið mót fyrir samkynhneigðar konur og alþjóðlegt málþing sem fór fram á alþjóðlegu táknmáli og var skipulagt af heyrnarlausri franskri konu. Málþingið fjallaði um staðalímynd samkynhneigðra kvenna og fræðslu fyrir tví-kynhneigðar og samkynhneigðar konur til að auka þekkingu á réttindum þeirra. Þær tóku þátt í málþinginu í fjóra daga og þangað komu konur allt frá 18 ára aldri frá 15 löndum: Austurríki, Bandaríkjunum, Belgíu, Danmörku, Finnlandi Frakklandi, Hollandi, Írlandi, Íslandi, Ítalíu, Noregi, Portúgal, Svíþjóð og Þýskalandi, rúmlega 100 manns samtals. Á málþinginu var mikið rætt um fordóma gegn konum, nauðganir og jafnrétti, fræðslu um staðalímynd kvenna og fleira var til umræðu. Það var líka rætt um að koma út úr skápnunum og skipst á ráðum eða almennum upplýsingum. Margar konur týðu skoðun sína. Einnig tróð upp leikkona á sviðinu til að leika og gera grín til að skemmta fólki. Þátttakendurnir voru mjög ánægðir með málþingið. Þetta mót var haldið í fyrsta skipti þarna og nú er verið að skipuleggja næsta mót sem verður haldið í Skotlandi árið 2015. Ana og Guðrún töldu þetta vera fróðlegt og spennandi.



ER FARIÐ OFFARI Í KUÐUNGSÍGRÆÐSLUM?

Eftir Dr. Valdís Ingibjörgu Jónsdóttur

Ég lærði ansi mikið á svari heyrnarlausrar dóttur minnar þegar ég spurði hana að því hvort hún vildi ekki kuðungsígræðslu. “Nei” var svarið “Ég á mitt mál, mína menningu og ég er döfð (heyrnarlaus)”. Þá skildi ég að maður saknar ekki þess sem maður á ekki eða hefur en getur verið fullkomlega hamingjusamur og hreykinn af því sem maður er. Þetta er rétt hjá þessari ágætu dóttur minni. Ekki sakna ég matar sem ég þekki ekki. Það er ekki okkar heyrandi með okkar talmál að meta hvort eða þá hvernig heyrnarlausir meta sitt líf og ef þeir túlka það sem svo að þeir séu ekki fatlaðir heldur minnihlutahópur sem hefur sína eigin menningu þá ber að virða það. Ef heyrnarlausir líta á sitt hlutskipti sem sjálfsagðan hlut og eru hamingjusamir, er þá ekki í lagi að vera heyrnarlaus? Að mínu viti er farið offari í að eyða heyrnarleysi með kuðungsígræðslum. Kuðungsígræðslur eiga vissulega rétt á sér undir vissum kringumstæðum. Ég t.d. með mína kunnáttu í talmáli myndi vilja kuðungsígræðslu ef ég missti

heyrnina.

Hins vegar hef ég sjálf mínar efasemdir um, að það besta fyrir dóttur mína hefði verið kuðungsígræðsla því að ýmsar spurningar leita á hugann eins og: Er þetta hættalaus aðgerð? Er öruggt að bara þessa eina aðgerð dugi? Eru gæði þessa “heyrnartækis” það góð að einstaklingurinn geti heyrt til jafns við þá sem hafa eðlilega heyrn? Geta þessir einstaklingar heyrt talað mál í gegnum klišú án þess að talhljóð detti út? Geta þessir einstaklingar tekið fullan þátt í hópsumræðum? Heyra þeir mál á sama hátt úr fjarlægð og eðlilega heyrandi gera? Hefur verið kannað hvort þessir einstaklingar eru hamingjusamir með sína ígræddu heyrn en þeir sem eru heyrnarlausir? Ég er ansi hrædd um að svarið við þessum spurningum sé NEI. Heyrnarlausir eru stoltir af sinni menningu og sínu máli og sakna einskis NEMA meiri og betri skilnings frá samfélaginu sem hefur vissulega brugðist þeim með skorti á skilningi, virðingu og þekkingu. Það sem ég átti að



gera á sínum tíma var ekki að fá kuðungsígræðslu fyrir barnið mitt heldur að læra táknmál. Kuðungsígræðsla á alltaf að vera valkostur en ekki þvingunarúrreði.



**GLEYMDU
LYKLUNUM!**

Gleymdu lyklunum!

Með Myloq talnalás er enn auðveldara að opna og loka og lásinn eykur öryggið til muna. Talnalásinn er hægt að nota með ASSA skráum eða FIX þriggja punkta læsingum. Þægindin við að þurfa ekki að muna eftir lyklum eru ótvíræð og talnakóðanum er hægt að breyta eins oft og þarf, t.d. tímabundið. Hentar vel í útidyr og íbúðarhús og fæst í svörtu og silfurlit. Verð 39.846 kr.



MYLOQ



VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

VIÐ ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM



SAMHERJI HF



samskip



2010



AÐILUM STUÐNINGINN



Gylfi Thorlacius hrl.
Svala Thorlacius hrl.
S. Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hrl.
Guðmundur Ómar Hafsteinnsson hrl.



ESKJA



Kjarnavörur hf



VALITOR



Ræðst gegn verkjum



Paratabs®

– Öflugur verkjabani!

Notkunarsvið: Paratabs inniheldur virka efnið parasetamól 500 mg. Paratabs er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er m.a. notað við höfuðverk, tannverk, tíðaverk, vöðvaverk og hita. **Skömmtun:** Fullorðnir og unglingar sem eru 50 kg eða þyngri: 1 til 2 töflur á 4 til 6 klst.fresti eftir þörfum, að hámarki 6 töflur/3 g á dag. Börn og unglingar sem eru 43-50 kg að þyngd: 1 tafla á 4 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 5 töflur/2,5 g á dag. Börn sem eru 34-43 kg að þyngd: 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 4 töflur/2 g á dag. Börn sem eru 26-34 kg að þyngd: ½ tafla á 4 klst. fresti eða 1 tafla á 6 klst.fresti eftir þörfum, að hámarki 3 töflur/1,5 g á dag. Paratabs 500 mg er ekki ætlað börnum sem eru innan við 26 kg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ónæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnum eiga ekki að nota lyfið. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi, samhliða meðferð með lyfjum sem hafa áhrif á á lifrarstarfsemi, skort á glúkósa-6-fosfatdehýdrógenasa, rauðalósblóðleysi, ofnotkun áfengis, ofþornun og langavaramandi vannæringu. Forðast skal samhliða notkun Paratabs og áfengis. Paratabs á ekki að nota samtímis öðrum lyfjum sem innihalda parasetamól. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Langvarandi notkun getur valdið alvarlegum og tíðum höfuðverkjum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með astma, sem eru næmir fyrir acetylsalicylsýru. Ef hárt hiti eða einkenni sýkingar eru enn til staðar eftir meðferð í meira en 3 daga, eða ef verkur er enn til staðar eftir meðferð í meira en 5 daga, skal leita til læknis. **Meðgangi og brjóstgjöf:** Nota má Paratabs í ráðlögðum skömmtum á meðgöngu eða samhliða brjóstgjöf. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt. Ekki taka meira en ráðlagðan skammt. Athugið að hærri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið mjög alvarlegum lifrarskemmdum. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Júlí 2013.


Actavis